



BANKASÝSLA RÍKISINS

*Skýrsla um starfsemi
Bankasýslu ríkisins á árinu 2010*



*Skýrsla um starfsemi
Bankasýslu ríkisins á árinu 2010*

Efnisyfirlit

Skýrsla forstjóra	4
1. Um Bankasýslu ríkisins	6
Markmið	6
Upplýsingastefna	6
1.1. Tilurð og skipan	7
1.2. Stjórnendur og starfsmenn	7
1.3. Verkefni Bankasýslunnar	7
1.4. Val á stjórnarmönnum	8
1.4.1. Aðalmenn í stjórnunum tilnefndir af Bankasýslu ríkisins	8
1.5. Samskipti við fjármálafyrirtæki	10
1.6. Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum	10
2. Sparisjóðirnir á Íslandi	12
2.1. Málefni smærri sparisjóða	12
2.2. Byr og Sparisjóðurinn í Keflavík	12
2.3. Verkefni Bankasýslu ríkisins er lúta að málefnum sparisjóðanna	13
3. Starfsemi bankanna	14
3.1. Arion banki	14
3.1.1. Fjármögnun	14
3.1.2. Skipurit	14
3.1.3. Aðgerðir frá hruni	15
3.1.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutföll	16
3.2. Íslandsbanki	17
3.2.1. Fjármögnun	17
3.2.2. Skipurit	18
3.2.3. Aðgerðir frá hruni	19
3.2.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutföll	19
3.3. NBI hf. – Landsbankinn	20
3.3.1. Fjármögnun	20
3.3.2. Skipurit	20
3.3.3. Aðgerðir frá hruni	21
3.3.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutföll	23

4. Rekstur bankanna	24
4.1. Afkoma ársins 2009.....	24
Kjarnarekstur	24
Reglulegur rekstur	24
4.2. Arion banki	26
4.2.1. Kjarnarekstur Arion banka	26
4.2.2. Reglulegur rekstur	27
4.3. Íslandsbanki	28
4.3.1. Kjarnarekstur Íslandsbanka.....	28
4.3.2. Reglulegur rekstur	29
4.4. Landsbankinn	29
4.4.1. Kjarnarekstur Landsbankans	29
4.4.2. Reglulegur rekstur	30
4.5. Rekstrarniðurstöður bankanna og arðsemiskrafa hluthafa	31
4.5.1. Rekstrarniðurstöður bankanna.....	31
4.5.2. Fjárbinding íslenska ríkisins í bönkunum	33
4.5.3. Arðsemiskrafa hluthafa.....	34
5. Starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja	35

Skýrsla forstjóra

Eignarhlutir ríkisins í NBI hf. (Landsbankanum), Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. voru færðir Bankasýslunni til umsýslu þann 4. janúar 2010. Í árslok 2009 höfðu bankarnir þrír starfað í rúma 14 mánuði. Stærstan hluta þess tíma störfuðu bankarnir í óvissu um hvernig yrði staðið að endanlegri fjármögnun þeirra. Sú staða skýrðist í árslok 2009 en í tilviki Arion banka ekki formlega fyrr en í janúar 2010.

Ársreikningar bankanna vegna ársins 2009 eru fyrstu heildstæðu upplýsingarnar um hvernig rekstur þeirra fer af stað. Ljóst er að óreglulegir liðir hafa umtalsverð áhrif á rekstrarniðurstöður allra bankanna. Töluverð óvissa var um verðmat þeirra eignasafna sem flutt voru frá bönkunum sem féllu haustið 2008 til Arion, Íslandsbanka og Landsbankans. Hjá öllum bönkunum þremur tók verðmatið breytingum á árinu 2009 og hefur það veruleg áhrif á rekstrarniðurstöður. Þá var ójöfnuður í gjaldmiðlastöðu og verðtryggingarjöfnuði bankanna sem einnig hefur áhrif á rekstraruppgjör.

Þegar afkoma grunnrekstrar er skoðuð vegna ársins 2009, þ.e. þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum liðum, má sjá að arðsemi eigin fjár lækkar umtalsvert í tilviki Landsbankans og Arion banka og nokkuð hjá Íslandsbanka. Kostnaðarhlutfall af reglulegum rekstri er sömuleiðis umtalsvert hærra en kostnaðarhlutfall ef miðað er við heildartekjur og heildargjöld bankanna. Sjá má nánari umfjöllun um þetta efni í kafla fjögur í þessari skýrslu.

Rétt er að vekja athygli á því að reikningar bankanna þriggja eru ekki vel fallnir til samanburðar þar sem mismunandi aðferðum er beitt við uppgjör og framsetningu. Þá er ekki hægt að greina afkomu grunnrekstrar nema með töluverðum tilfæringum. Æskilegt væri að reikningar fyrirtækja í skyldri starfsemi væru samanburðarhæfir og gagnsæir.

Ljóst er að starfsumhverfi bankanna er erfitt. Samdráttur í efnahagslífinu hefur áhrif á tekjuhlíð þeirra. Atvinnuvegir eru mikið skuldsettir og óvissa er um fjárfestingar í náinni framtíð. Þá er nokkur óvissa ríkjandi um mikilvæga flokka í útlánasafni bankanna. Það á m.a. við um lánasamninga í erlendum myntum, þar sem lánsfjárhæð var greidd út í íslenskum krónum. Sömuleiðis er um óvissu að ræða um áhrif boðaðrar fyrningarleiðar í sjávarútvegi á lánasafn bankanna í þeirri atvinnugrein.

Mikil vinna er nú unnin innan bankanna við endurskipulagningu útlánasafns. Hvernig til tekst í þeirri vinnu hefur áhrif á hversu hratt mun ganga að byggja upp heilbrigða og öfluga banka sem hafa burði til að miðla fjármagni með sem hagkvæmustum hætti frá sparnaði til fjárfestinga. Mikilvægt er að leita allra leiða til að hagræða í rekstri með það að markmiði að byggja upp skilvirk og arðbær fyrirtæki til lengri tíma litið.

Um starfsemi Bankasýslunnar

Stjórn Bankasýslu ríkisins var skipuð og tók til starfa í lok september 2009. Fyrstu verk stjórnar voru að skipa valnefnd og setja henni starfsreglur. Hafist var handa við að undirbúa skipan stjórnarmanna í Arion banka og Íslandsbanka. Auk þess var auglýst eftir forstjóra og unnið að ýmsum undirbúningsverkefnum vegna hinnar nýju stofnunar.

Forstjóri hóf störf í byrjun janúar 2010 og var hafist handa við að koma á samskiptum við helstu aðila sem tengjast starfseminni en það eru m.a. aðilar innan stjórnsýslunnar sem vinna að málefnum fjármálamárkadaðar, bankarnir sem Bankasýslan fer með eignarhluti í, stjórnir þeirra og eignarhaldsfélög sem fara með eignarhluti í bönkunum.

Í janúar var auglýst eftir húsnæði og starfsfólki fyrir stofnunina. Ráðningum var lokið í byrjun mars og hófu þrír starfsmenn störf í byrjun apríl. Bankasýslunni var fundið húsnæði í Borgartúni 3. Samið hefur verið við þjónustuaðila, m.a. um upplýsingatækni. Heimasiða Bankasýslunnar hefur verið opnuð. Á henni er að finna allar helstu upplýsingar um stofnunina.

Unnið hefur verið að stefnumótun fyrir stofnunina. Markmið Bankasýslunnar hafa verið skilgreind sem og upplýsingastefna.

Ekki náðist að halda aðalfundi árið 2009 í bönkunum þremur sem Bankasýslan fer með eignarhluti í og voru þeir því haldnir í janúar og febrúarmánuði 2010. Þar voru ársreikningar ársins 2008 (tímabilið október – ársloka 2008) samþykktir. Aðalfundir bankanna þar sem reikningar ársins 2009 voru samþykktir voru haldnir í apríl og maí.

Taka þurfti ákvörðun um tilnefningar Bankasýslunnar til stjórnarsetu og var unnið eftir því formlega ferli sem sett hafði verið upp með valnefnd Bankasýslunnar. Einn aðalmaður og einn varamaður voru tilnefndir í stjórn Íslandsbanka í janúar 2010. Í febrúar voru tilnefndir fjórir aðalmenn og fjórir varamenn í stjórn NBI hf., þar af voru þrír af fjórum aðalmönnum nýir í stjórn. Í maí var skipaður einn nýr aðalmaður í Landsbanka og voru þá allir stjórnarmenn bankans tilnefndir samkvæmt formlegu ferli valnefndar Bankasýslunnar. Einn aðalmaður og einn varamaður voru tilnefndir í stjórn Arion banka í mars.

Starfskjarastefnur voru samþykktar hjá öllum bönkunum á aðalfundum í apríl og maí. Í þeim var kveðið á um að ekki yrði um kaupauka eða hvatakerfi í bönkunum að ræða án þess að til kæmu breytingar á starfskjarastefnum sem leggja þyrfti fyrir hluthafafund.

Bankasýsla ríkisins hefur kynnt sér starfsemi fjármálafyrirtækjanna þriggja sem eru í hennar umsýslu. Aflað hefur verið upplýsinga og þær greindar. Unnið er að því að koma upplýsingagjöf fyrirtækjanna til Bankasýslunnar í reglubundið ferli. Þá hefur Bankasýslan unnið að því að safna upplýsingum um sparisjóðakerfið og greina starfsemina en stofnunin þarf að vera undir það búin að fá eignarhluti í sparisjóðum í sína umsjá.

Bankasýsla ríkisins hefur lagt fram tillögu að verkaskiptingu milli fjármálaráðuneytis og stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að skilgreina hvar einstök verkefni eru unnin og hvernig, þar sem Bankasýslan hefur samkvæmt lögum ekki lokaákvörðunarvald í öllum þeim málum sem undir hana heyra. Þar er helst að nefna upphaflega fjármögnun fjármálafyrirtækja, sem liggur hjá fjármálaráðherra, viðbótarfjármögnun sem gerð verður samkvæmt tillögu frá Bankasýslunni, en ákvörðunarvaldið er hjá fjármálaráðherra, og ákvörðun um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sem ákveðin verður af fjármálaráðherra samkvæmt tillögu Bankasýslunnar.

1. Um Bankasýslu ríkisins

Markmið

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn. Armslengdarsjónarmið eiga við um samskipti Bankasýslunnar og ríkisstjórnar. Fagmennska og viðskiptaleg sjónarmið eru höfð að leiðarljósi við allar ákvarðanir sem teknar eru.

Bankasýsla ríkisins setur sér það markmið að vera virkur hluthafi sem framfylgir eigendastefnu ríkisins af festu í samræmi við þann eignarhlut sem stofnunin fer með hverju sinni.

Bankasýsla ríkisins beitir atkvæðisrétti sínum. Bankasýslan kynnir eigendastefnu ríkisins fyrir þeim stjórnarmönnum sem hún tilnefnir og gerir samninga um almenn og sértæk markmið í rekstri í þeim fjármálafyrirtækjum þar sem stofnunin hefur nægilegt atkvæðavægi til að skipa meirihluta stjórnar. Bankasýslan leitar eftir samstarfi við meðeigendur um að vinna þeim sjónarmiðum sem fram koma í eigendastefnu ríkisins brautargengi.

Bankasýsla ríkisins beitir þeim úrræðum sem standa eigendum hlutfjár til boða samkvæmt hlutfélagalögum. Það felur m.a. í sér val á stjórnarmönnum í samræmi við atkvæðavægi eða ákvæði hluthafasamkomulags, þátttöku í aðalfundarstörfum, boðun hluthafafunda skv. 85. gr. laga um hlutfélag og kröfu um upplýsingar skv. 91. gr. sömu laga.

Bankasýsla ríkisins fylgist með frammistöðu stjórnar og stjórnenda fjármálafyrirtækja þar sem hún fer með eignarhlut. Bankasýslan mun grípa til aðgerða ef stefna fjármálafyrirtækja fjarlægist þau markmið sem sett hafa verið í samningum við stjórnir.

Bankasýsla ríkisins mun leggja mat á hvernig einstökum fjármálafyrirtækjum gengur að ná markmiðum sínum og upplýsa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um árangur af fjárfestingum ríkisins.

Upplýsingastefna

Bankasýsla ríkisins leggur ríka áherslu á gagnsæi í ákvarðanatöku og lítur svo á að liður í því að byggja upp traust á fjármálakerfinu á nýjan leik felist í því að tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings.

Bankasýsla ríkisins mun á heimasíðu sinni veita upplýsingar um stefnu sína og störf.

Bankasýslan mun árlega gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um starfsemi sína líkt og kveðið er á um í 8. grein laga um Bankasýslu ríkisins. Fjármálaráðherra mun gera Alþingi grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og hvernig til hefur tekist varðandi meðferð eignarhlutanna og hverjar framtíðaráherslur ríkisins eru varðandi þá.

Bankasýslan mun birta útdrátt úr samningum sem hún gerir við stjórnir fjármálafyrirtækja í samræmi við e. lið 4. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, 12 mánuðum eftir að þeir eru gerðir. Um er að ræða samninga um almenn og sértæk markmið í rekstri sem gerðir verða að lágmarki við þau fjármálafyrirtæki þar sem Bankasýslan fer með meirihluta hlutfjár/stofnfjár.

Bankasýslan mun að jafnaði birta upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru á hluthafafundum/stofnfjárfarfundum. Undantekning frá því verður gerð ef hluthafafundur fjallar um málefni sem leynt verða að fara af samkeppnisástæðum í samræmi við 5. grein laga um Bankasýslu ríkisins.

Bankasýsla ríkisins mun beita sér með markvissum hætti fyrir því að þau fjármálafyrirtæki sem hún kemur að sem eigandi starfi í anda gagnsæis og góðra stjórnarháttanna og miðli upplýsingum til almennings og fjölmiðla með skilvirkum hætti í þeim mæli sem lög og reglur heimila.

1.1. Tilurð og skipan

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Stofnunin fer með eigandahlutverk ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Markmiðið er að umsýsla eignarhluta verði fagleg og traust og hafin yfir vafa.

Bankasýslan er fagleg umsýslustofnun eignarhluta. Hún starfar eftir sérstökum lögum þar sem verkefni hennar eru skilgreind og hún framfylgir eigendastefnu ríkisins. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og fer forstjóri stofnunarinnar með atkvæðisrétt ríkissjóðs á hluthafafundum.

Bankasýslu ríkisins er ætlaður afmarkaður líftími. Starfsemi hennar skal lokið eigi síðar en fimm árum frá því að hún er sett á fót og skal stofnunin þá lögð niður.

1.2. Stjórnendur og starfsmenn

Með yfirstjórn Bankasýslu ríkisins fer þriggja manna stjórn sem fjármálaráðherra skipar, auk eins varamanns. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórnarmenn og forstjóri skulu uppfylla ákveðin hæfisskilyrði skv. 6. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Kveða þau meðal annars á um að stjórnarmenn og forstjóri skuli hafa haldgóða menntun auk sérþekkingar í banka- og fjármálum. Stjórnin skal skipuð þannig að starfsreynsla og menntun sé sem fjölbreyttust á þessu sviði og að stjórnarmeðlimir hafi trausta þekkingu á góðum stjórnarháttum fyrirtækja.

Í stjórn Bankasýslunnar sitja Þorsteinn Þorsteinsson rekstrarhagfræðingur, stjórnarformaður, Sonja María Hreiðarsdóttir lögmaður, varaformaður og Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur. Varamaður skipaður af fjármálaráðherra var Guðrún Johnsen hagfræðingur en hún baðst lausnar úr stjórn í mars síðastliðnum og ekki hefur verið skipaður varamaður í hennar stað.

Forstjóri Bankasýslunnar er Elín Jónsdóttir lögfræðingur. Forstjóri sér meðal annars um stefnumótun stofnunarinnar, samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í, samningagerð, eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins, stjórnun og daglegan rekstur.

Hagfræðingarnir Karl Finnbogason og Snorri Jakobsson eru sérfræðingar Bankasýslunnar í eignastýringu. Sérfræðingar í eignastýringu bera ábyrgð á og hafa eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, taka þátt í að framfylgja eigendastefnu ríkisins, sjá um úrvinnslu og endurskipulagningu eignasafns, sjá um upplýsingagjöf til eiganda og undirbúa tillögur um útgönguleiðir og sölu eigna.

Erna Björg Smáradóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er verkefnastjóri skjala- og upplýsingamála. Verkefnastjóri ber ábyrgð á skjalavistun Bankasýslunnar, hefur umsjón með heimasíðu, ritar fundargerðir, tekur þátt í textasmíð, gerð verkferla og yfirlistri texta, sér um innkaup, samninga og almennt skrifstofuhald.

1.3. Verkefni Bankasýslunnar

Ríkið hefur lagt fram umtalsverða fjármuni af almannafé til að endurfjármagna og styðja við fjármálafyrirtæki frá hruni fjármálakerfisins í október 2008. Nú nemur fjárbinding ríkisins vegna viðskiptabankanna þriggja, NBI hf., Arion banka og Íslandsbanka, – 189,9 milljörðum króna í formi eiginfjárframlags og víkjandi lána. Miklu skiptir hvernig staðið verður að eftirliti með þeirri fjárfestingu.

Óvarlegt væri að láta það afskiptalítið með hvaða hætti þeim fyrirtækjum er stýrt þar sem ríkið á mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Líkur eru til þess að eftir það hrun sem varð á fjármálamarkaði muni töluverð uppstokkun eiga sér stað á fjármálamarkaði með tilflutningi á fjármagni og verkefnum. Þá er ljóst að skoða þarf stærð fjármálakerfisins og leggja mat á hvernig hagræða má í rekstri fjármálafyrirtækja og endurskipuleggja ef það má verða til þess að byggja upp heilbriggt og öflugt fjármálakerfi sem þjónar innanlandsmarkaði. Ríkið hefur í krafti eignarhalds möguleika á að taka virkan þátt í þeirri

endurskipulagningu sem nú fer fram, ekki einungis með reglusetningu og eftirliti heldur einnig í krafti eignarhalds. Bankasýslan mun beita sér fyrir því að ríkið sem eigandi fjármálfyrirtækja taki þátt í að byggja upp heilbrigt fjármálakerfi sem tekur tillit til samfélagslegra hagsmuna í starfsemi sinni.

Ríkið hefur sett sér eigendastefnu um fjármálfyrirtæki og er það hlutverk Bankasýslu ríkisins að framfylgja þeirri eigendastefnu. Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins á hluthafafundum og sér um samskipti sem tengjast eignarhaldi við þau fjármálfyrirtæki sem ríkið á hlut í.

Stofnunin setur fjármálfyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins viðmið í rekstri með samningum, m.a. um endurskipulagningu fjármálfyrirtækja, og hefur eftirlit með því að settum markmiðum verði náð. Áhrif Bankasýslu ríkisins eru meiri eftir því sem hlutur ríkisins í fjármálfyrirtækjum er stærri.

Það er hlutverk Bankasýslu ríkisins að gera tillögur fyrir fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálfyrirtækja ef þess verður talin þörf. Þá er það hlutverk Bankasýslunnar að gera tillögur fyrir fjármálaráðherra um sölu eignarhluta í fjármálfyrirtækjum, m.a. með sölu á almennum markaði.

Stofnunin þjónustar valnefnd Bankasýslunnar, m.a. með skrifstofu- og ritaraþjónustu og með því að taka á móti og halda utan um upplýsingar um þá sem gefa kost á sér til stjórnarstarfa.

1.4. Val á stjórnarmönnum

Valnefnd Banksýslu ríkisins skipa þau Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs Nasdaq OMX, formaður, dr. Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Stjórn Bankasýslunnar hefur sett valnefnd starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um þau viðmið sem valnefndin skal styðjast við í mati sínu á hæfni stjórnarmanna. Við tilnefningu þarf enn fremur að taka tillit til hæfisskilyrða laga um fjármálfyrirtæki og laga um hlutafélög ef um hlutafélag er að ræða.

Stjórn Bankasýslu ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnar- og bankaráðsmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi bankaráðum eða stjórnnum. Valnefndin tilnefnir í hvert sinn tvo til þrjá aðila fyrir hvert sæti sem losnar í stjórnnum eða bankaráðum. Valnefndin leitar eftir aðilum að eigin frumkvæði en einnig geta aðilar, sem telja sig uppfylla skilyrði fyrir stjórnarsetu, gefið kost á sér með því að senda valnefndinni ferilskrár sínar.

Við ákvörðun um tillögur leggur valnefndin mat á hæfni aðila m.a. að teknu tilliti til hversu mikla yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi hefur í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfshætti fjármálfyrirtækja. Nefndin tekur enn fremur mið af þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig og skal tilnefna stjórnarmenn sem hafa fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og hæfni.

1.4.1. Aðalmenn í stjórnnum tilnefndir af Bankasýslu ríkisins

Arion banki hf.

Kristján Jóhannsson

Kristján Jóhannsson hóf nám í viðskipta- og hagfræði við Copenhagen Business School árið 1975 og lauk þaðan fyrst B.Sc.-prófi og síðar M.Sc.-prófi árið 1981.

Kristján var hagfræðingur Félags Íslenskra iðnrekenda 1981–1984. Hann starfaði sem stundakennari í rekstrarhagfræði í Háskóla Íslands 1982–1986 og var framkvæmdastjóri AB – Eymundsson 1984–1990. Á árunum 1990–1992 var hann rekstrarráðgjafi í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Kristján varð lektor í Háskóla Íslands árið 1991 og starfar þar enn. Hann var einnig forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands 1992–2001.

Íslandsbanki hf.***Martha Eiríksdóttir***

Martha Eiríksdóttir lauk B.Ed. frá Kennaraháskóla Íslands árið 1981 og Cand. oecón frá Háskóla Íslands árið 1987.

Martha starfaði sem fjármálastjóri Saga Film hf. 1982-1987. Hún var kynningarstjóri Útflutningsráðs Íslands 1987–1988 og forstöðumaður markaðssviðs Útvegsbanka Íslands hf. 1988–1990. Á árunum 1990–1994 var hún forstöðumaður markaðssviðs Kreditkorts hf. og frá 1994–2000 var hún deildarstjóri tengikorta hjá Europay International í Belgíu. Frá 2000–2001 var hún framkvæmdastjóri Veftorgs hf. og á árunum 2001–2003 veitti hún forstöðu sölu- og markaðssviði Íslandssíma. Martha var yfirmaður viðskiptatengsla og markaðsmála hjá Landsneti hf. 2003–2009 og er nú sjálfstætt starfandi verkefna- stjóri.

NBI hf./Landsbankinn***Gunnar Helgi Hálfðanarson, stjórnarformaður***

Gunnar Helgi Hálfðanarson er formaður bankaráðs Landsbankans. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í rekstrarhagfræði (MBA) frá McMaster University í Ontario í Kanada. Gunnar Helgi starfaði sem forstjóri Landsbréfa hf. frá 1989–1999 og var framkvæmdastjóri sjóðasviðs Landsbanka Íslands frá 1997–1999. Frá árinu 1999–2009 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá AllianceBernstein Investments, með aðsetur í Stokkhólmi og megináherslu á þróun viðskipta- sambanda við helstu bankasamstæður Norðurlanda og íslenska lífeyrissjóði.

Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður stjórnar

Sigríður Hrólfsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í rekstrarhag- fræði (MBA) frá Kaliforníuháskóla í Berkeley. Hún starfaði við fjárfstýringu hjá Íslandsbanka 1994–1998 og hjá Eimskipafélagi Íslands frá 1998–2004, fyrst sem forstöðumaður fjárreiðudeildar og frá 2000 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hún var framkvæmdastjóri fjárfestinga- og fjármálasviðs Trygginga- miðstöðvarinnar 2007–2008 og hefur verið framkvæmdastjóri Árvakurs frá 2009.

Guðríður Ólafsdóttir

Guðríður Ólafsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í heimspeki og fjölmiðlafræði frá Háskólanum í Ósló. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og staðgengill forstjóra hjá Lýsingu 1993–2007 og sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans frá 2008–2009.

Þórdís Ingaðóttir

Þórdís Ingaðóttir lauk Cand Juris-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Hún stundaði framhaldsnám við New York School of Law þar sem hún var Fulbright-styrkþegi. Þaðan lauk hún LLM- prófi árið 1998 í International Legal Studies. Frá árinu 2006 hefur hún stundað doktorsnám í lögfræði við Helsinki-háskóla.

Þórdís starfaði við lögfræðiráðgjöf fyrir Félag einstæðra foreldra árin 1992–1993 og sem fulltrúi á lögfræðiskrifstofu Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl. og Óskars Magnússonar hrl. árin 1993–1995. Að loknu framhaldsnámi við New York University starfaði hún sem lögfræðingur við skólann frá 1999–2003 (The Project on International Courts and Tribunals (PICT), the Center on International Cooperation). Hún starfaði á lagaskrifstofu Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 2004 og hefur verið dósent við Lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2004. Þórdís hefur skrifað fjölda fræðigreina og bókarkafla.

1.5. Samskipti við fjármálafyrirtæki

Bankasýsla ríkisins sér um þau samskipti ríkisins sem tengjast eigandahlutverki þess við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhlut í. Samskipti fjármálafyrirtækja við ríkið sem eiganda fara fram við Bankasýsluna.

Viðskiptaleg og fagleg sjónarmið munu ráða ferðinni við stefnumörkun Bankasýslu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem farið er með eignarhlut í. Almenn viðurkennd sjónarmið um góða stjórnarhætti verða höfð að leiðarljósi í samskiptum Bankasýslunnar við fjármálafyrirtæki sem hún fer með eignarhlut í.

Bankasýsla ríkisins fer með ákvörðunarvald í málefnum fjármálafyrirtækja í samræmi við eignarhlut sinn á hluthafafundum. Stjórnir eru kosnar af hluthöfum á hluthafafundum. Milli hluthafafunda fer stjórn fjármálafyrirtækis með málefni félagsins, m.a. með því að ráða framkvæmdastjóra/bankastjóra. Bankasýslan hefur ekki afskipti af einstökum ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda fjármálafyrirtækja.

Afskipti Bankasýslunnar af málefnum fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhlut í verður samræmd en þó í hlutfalli við stærð eignarhlutar.

- Þegar ríkið á meirihluta hlutafjár mun Bankasýslan ganga frá samningi við stjórnir viðkomandi félags um almenn og sértæk markmið í rekstri. Fundað verður að lágmarki ársfjórðungslega með stjórn og stjórnendum fjármálafyrirtækis til að fá upplýsingar um rekstur og starfsemi fyrirtækisins. Í kjölfar upplýsingafunda verður lagt mat á það með stjórnarmönnum sem tilnefndir eru af Bankasýslunni hvernig til hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem sett eru í samningi milli þeirra og Bankasýslunnar.
- Þegar ríkið er minnihluta eigandi mun Bankasýslan kynna eigendastefnu ríkisins fyrir þeim stjórnarmönnum sem tilnefndir hafa verið á hennar vegum. Leitað verður eftir samstarfi við meðeigendur í bankanum um að kynna sameiginlega stefnu ef grundvöllur er talinn vera til þess af beggja eða allra hálfu. Fundað verður að lágmarki ársfjórðungslega með stjórn og stjórnendum fjármálafyrirtækis til að fá upplýsingar um rekstur og starfsemi fyrirtækisins. Fundað verður a.m.k. ársfjórðungslega með viðkomandi stjórnarmönnum og lagt mat á stöðu rekstrar með hliðsjón af markmiðum eigendastefnu ríkisins.

Fjármálafyrirtækjum sem Bankasýslan fer með eignarhlut í er bent á eftirfarandi:

Bankasýslan skilar árlega skýrslu til fjármálaráðherra. Efni þeirrar skýrslu er byggt á ársreikningum viðkomandi félaga og þeim kynningum sem stofnuninni hafa verið veittar vegna ársuppgjör. Ef fjármálafyrirtæki kynna upplýsingar sem leynt eiga að fara fyrir Bankasýslunni verður að geta þess sérstaklega að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða og merkja öll skjöl sem afhent eru með skýrum hætti sem trúnaðargögn.

1.6. Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhald í fleiri en einu fjármálafyrirtæki á sama tíma. Til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum mun Bankasýslan gæta að eftirfarandi:

- Bankasýslan mun ekki tilnefna starfsmenn sína í stjórnir fjármálafyrirtækja.
- Bankasýslan mun ekki tilnefna sömu aðila í stjórnir fleiri en eins fyrirtækis.
- Fyllsta trúnaðar verður gætt um viðskiptalegar og rekstrarlegar upplýsingar sem Bankasýslan fær aðgang að hjá hverju fyrirtæki um sig. Þess er gætt að trúnaðarupplýsingar séu ekki gefnar öðrum fjármálafyrirtækjum eða leki með öðrum hætti.

- Ef fjármálafyrirtæki er með skráð verðbréf í kauphöll skal mat lagt á það hvort þeir starfsmenn Bankasýslunnar sem hafa aðgang að upplýsingum um félagið skuli að jafnaði vera á innherjalista viðkomandi félags. Það er þó mat félagsins sjálfs hverju sinni hvort setja beri starfsmenn Bankasýslunnar á slíkan lista. Ávallt verður að upplýsa starfsmenn Bankasýslunnar um það ef upplýsingar sem þeir fá eru flokkaðar sem innherjaupplýsingar.
- Bankasýslan tekur ákvarðanir sem hluthafi með hagsmuni viðkomandi fjármálafyrirtækis að leiðarljósi, sem og það markmið að vinna að framgangi eigendastefnu ríkisins og að tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis.

2. Sparisjóðirnir á Íslandi

Sparisjóðirnir á Íslandi hafa ekki farið varhluta af vandamálum sem tengjast hruni íslenska fjármálakerfisins. Í neyðarlögunum svokölluðu (l. nr. 125/2008) var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af eigin fé hans í lok árs 2007. Með reglum settum 18. desember 2008 voru sett skýrari ákvæði um framlagið og þau skilyrði sem viðkomandi sparisjóðir þyrftu að uppfylla til að fá eiginfjárframlag frá ríkinu (reglur 18. desember 2008 um framlag til sparisjóða). Átta sparisjóðir sóttu um eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Ljóst var að í flestum tilvikum þyrfti meira til að koma en viðbótar eiginfjárframlag og því hefur verið unnið að útfærslu fjárhagslegrar endurskipulagningar.

2.1. Málefni smærri sparisjóða

Seðlabanki Íslands varð einn stærsti kröfuhafi ýmissa smærri sparisjóða við fall Sparisjóðabankans í mars 2009 en þá fluttust innstæður sparisjóða og kröfur bankans á hendur sparisjóðunum yfir til Seðlabankans. Seðlabankinn hefur í samstarfi við fjármálaráðuneytið undirbúið samkomulag við sparisjóðina um endurfjármögnun sem felur í sér m.a. endurskipulagningu krafna. Tillögur um samkomulag fela í sér að hluta skulda sparisjóðanna verður breytt í eigið fé, víkjandi lán og almenn lán. Stofnfé verði afskrifað að því marki sem varasjóðir eru neikvæðir. Stofnfé sem Seðlabankinn eignist við þessa aðgerð verði yfirtekið af ríkissjóði og Bankasýslu ríkisins verði falið að fara með eignarhaldið. Gert er ráð fyrir að umræddir sparisjóðir dragi að lokinni endurskipulagningu til baka umsóknir sínar um eiginfjárframlag frá ríkissjóði. Nú er stefnt að því að stofnfjárhafafundir taki tillögur um samkomulag til umfjöllunar í júní.

Þeir sparisjóðir sem um er að ræða eru Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Þórshafnar. Þrír sjóðir munu gera upp skuldir sínar við Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt beiðni fjármálaráðuneytisins hefur Bankasýslan unnið tillögu um innlausnarrétt þeirra sparisjóða sem koma með þessum hætti að hluta í eignarhald ríkisins. Samkvæmt tillögunum felur rétturinn í sér að umræddir sparisjóðir hafi heimild til þess, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að leysa til sín allt að 60% af því stofnfé sem verður í eigu ríkissjóðs á fyrir fram ákveðnu verði. Gert er ráð fyrir að hin 40% verði seld með þeim hætti að tryggi enn frekar dreifða eignaraðild. Þær takmarkanir verði á innlausnarréttinum að hann falli niður ef þörf verður á frekara eiginfjárframlagi á eignarhaldstíma ríkisins, sem og ef til sameiningar kemur við viðskiptabanka. Sameining við annan sparisjóð hefur ekki áhrif á innlausnarrétt sparisjóðsins.

2.2. Byr og Sparisjóðurinn í Keflavík

Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík voru eftir fall SPRON stærstu sparisjóðir landsins. Í apríl sl. varð ljóst að ekki næðust samningar við erlenda kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðanna og óskuðu stjórnir sparisjóðanna eftir því við Fjármálaeftirlitið þann 23. apríl sl. að það tæki yfir starfsemi þeirra. Félögunum voru þá skipaðar bráðabirgðastjórnir. Sett voru á stofn tvö ný fjármálafyrirtæki, SpKef sparisjóður og Byr hf. Fjármálaeftirlitið flutti innlán og eignir sparisjóðanna til nýju fjármálafyrirtækjanna.

Ríkissjóður hefur lagt nýju fjármálafyrirtækjunum til lágmarksstofnfjárframlag. Unnið er að gerð stofnefnahagsreiknings. Skipuð hefur verið nefnd tveggja ráðuneyta sem með aðstoð ráðgjafafyrirtækisins Hawkpoint vinnur nú að frekari úrlausn mála. Ekki liggur fyrir hvort ríkissjóður mun fjármagna fyrirtækin eða hvort aðrar leiðir verða farnar. Ef til þess kemur að ríkissjóður eignast annan eða báða sparisjóðina að fullu eða hluta mun Bankasýslu ríkisins verða falið að fara með eignarhaldið.

2.3. Verkefni Bankasýslu ríkisins er lúta að málefnum sparisjóðanna

Auk tillagna til fjármálaráðherra um innlausnarrétt tiltekinna sparisjóða hefur verið unnið að því innan Bankasýslunnar að afla upplýsinga um stöðu mála í sparisjóðakerfinu og móta sýn á þær leiðir sem færar eru í rekstrarlegri endurskipulagningu sparisjóðanna eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið. Fyrir liggur að ríkisstjórn hefur lagt áherslu á að styðja við sparisjóðakerfið. Samkvæmt viljayfirlýsingu á milli ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissvarasjóðsins frá 19. apríl síðastliðnum hefur Ríkisstjórn Íslands ásett sér að leggja sparisjóðakerfinu til fjárhæð sem nemur allt að 1,5% af landsframleiðslu Íslands, eða um 25 milljörðum króna.

Heildareignir sparisjóðanna hafa minnkað umtalsvert á síðastliðnum 18 mánuðum. Munar þar mestu um fall SPRON. Áður en rekstur Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs var tekinn yfir námu heildareignir þeirra sparisjóða sem eftir stóðu rétt um 400 milljörðum króna. Nú liggur ekki fyrir með hvaða hætti rekstri Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs hf. verður háttað. Því er ekki að fullu ljóst hver heildarstærð sparisjóðakerfisins verður eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið. Ljóst er að kostnaður af sameiginlegum rekstri sparisjóðanna verður að dragast saman svo að hann samræmist stærð kerfisins. Með breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki á árinu 2009 var sparisjóðunum gert kleift að hafa með sér frekara samstarf en verið hefur um tiltekin verkefni, sé það gert á almennum viðskiptalegum forsendum. Skoða verður alla möguleika til þess að skapa rekstrarhæfari einingar til langs tíma, m.a. aukið samstarf og/eða sameiningar.

3. Starfsemi bankanna

3.1. Arion banki

3.1.1. Fjármögnun

Bankasýsla ríkisins fer með 13% hlut ríkissjóðs í Arion banka hf.

Arion banki hf. var stofnaður á grunni neyðarlaganna í október 2008 til að halda utan um innlendar innstæður og meirihluta íslenskra eigna Kaupþings banka. Bankinn var alfarið í eigu ríkisins þar til í nóvember 2009 er ríkið komst að samkomulagi við skilanevnd Kaupþings banka um að Kaupþing banki (Kaupskil ehf.) eignaðist 87% eignarhlut í bankanum. Samkomulagið gerði ráð fyrir innborgun hlutfjár Kaupþings að fjárhæð 66 milljarðar króna í formi reiðufjár og lánasafns sem samsvaraði 87% af eigin fé bankans en að ríkið ætti um 13% hlutfjár eða 260 milljónir kr. að nafnvirði. Þá veitti ríkissjóður bankanum stuðning við eiginfjár- og lausafjárstöðu hans í formi víkjandi láns að fjárhæð 29,5 milljarðar kr. og með lausafjárstuðningi.

Kaupskil ehf., dótturfélag Kaupþings banka, var stofnað að kröfu Fjármálaeftirlitsins til að fara með eignarhlut Kaupþings banka í Arion banka. Kaupskil ehf., hefur kauprétt á hlut ríkisins í Arion banka.


Tafla 1: Fjárframlag ríkisins til Arion banka hf.

Arion banki hf.			
Eignarhlutur ríkis		13%	<p>*Fjárframlag: Greitt var fyrir hlutfé í tveimur hlutum:</p> <p>1. Greitt var með reiðufé að fjárhæð 775 milljónir kr. fyrir hlutfé á genginu 1.</p> <p>2. Greitt var með ríkisskuldabréfi að nafnvirði 71.225 milljónir kr. fyrir hlutfé á genginu 6 en útgefið hlutfé nam 12,65 ma.kr. fram til 8. janúar 2010 er það var lækkað í 2 ma.kr.</p> <p>Í nóvember 2009 samþykkti skilanevnd Kaupþings að Kaupþing banki (Kaupskil) eignaðist 87% í Arion banka gegn greiðslu sem nam 66 ma. kr. í formi lánasafns sem fór fram þann 8. janúar 2010. Við það féll skuldbinding ríkisins vegna hlutfjárframlags í formi ríkisskuldabréfs að stærstum hluta niður.</p> <p>Víkjandi lán í evrum útgefið að fjárhæð 29,5 ma.kr. á útgáfudegi eða jafngildi um 4% af eiginfjárbætti B (Tier II) til styrktar eiginfjárlutfalli. Gjaldldagi bréfsins er 31.12.2019.</p> <p>Samtals nemur því fjárbinding ríkisins um 39,4 ma.kr.</p>
Nafnverð hlutfjár		2 ma.kr.	
Nafnverð hlutfjár ríkis		0,26 ma.kr.	
Nafnverð hlutfjár Kaupskila		1,74 ma.kr.	
Yfirverðsreikningur hlutfjár		73,9 ma.kr.	
Fjárframlag ríkisins*		39,4 ma.kr.	
Hlutfé ríkisins		9,9 ma. kr.	
Víkjandi lán		29,5 ma. kr.	
(m.kr.)	31.12.2009	31.12.2008	
Heildareignir	757.344 kr.	641.203 kr.	
Eigið fé	90.034 kr.	76.946 kr.	
Eiginfjárgrunnur	13,7%	10,6%	
Eiginfjárbáttur A (Tier I)	13,7%	10,6%	
Eiginfjárbáttur B (Tier II)	0,0%	0,0%	

3.1.2. Skipurit

Arion banki veitir alhliða fjármálaþjónustu og er starfseminni skipt upp í tíu svið, fimm tekjusvið; viðskiptabankasvið, eignastýringu, fyrirtækjasvið, fyrirtækjaþjónustu og fjárstýringu og markaðsviðskipti, og fimm stoðsvið; fjármál, viðskiptaumsjón, lögfræði, upplýsingatækni og starfsmannamál. Starfsmenn bankans voru um 1100 í árslok 2009.

Mynd 1: Skipurit Arion banka



Stjórn	Varamenn
Monica Caneman, formaður	Jóhannes R. Jóhannesson,
Guðrún Johnsen, varaformaður	Ólafur Helgi Ólafsson
Kristján Jóhannsson	Agnar Koføed-Hansen,
Steen Hemmingsen	María Grétarsdóttir
Theódór S. Sigurbergsson	Guðrún Björnsdóttir
Colin C. Smith	Jón G. Briem

Endurskoðandi Ernst & Young

Höfuðstöðvar Borgartún 19, 105-Reykjavík

3.1.3. Aðgerðir frá hruni

Bankinn er byggður á grunni innlendrar starfsemi Kaupþings banka. Ljóst er að nýju bönkunum þremur er nauðsynlegt að draga lærdóm af því sem miður fór í starfsemi bankanna fyrir hrun. Vinna þarf að nauðsynlegum breytingum til að starfsemin nái því marki að njóta trausts og trúverðugleika á ný. Þá er ljóst að mikil breyting hefur orðið á eðli og umfangi verkefna bankans. Meðal annars má nefna að starfsemin er nú nær eingöngu á innanlandsmarkaði og mikill tími fer í úrvinnslu skuldamála og endurskipulagningu lána. Af ofangreindu er ljóst að umtalsverðrar endurskipulagningar er þörf. Í ljósi þess óskaði Bankasýslan eftir því að fá svör við því til hvaða aðgerða hefði verið gripið frá hruni. Eftirfarandi er samantekt á svörum frá Arion banka.

Skipulag

- Regluvarsla, sem verið hafði undir framkvæmdastjóra lögfræðisviðs, hefur verið færð beint undir bankastjóra.
- Sviðinu fjármál og rekstur hefur verið skipt í þrennt, þ.e. fjármál, viðskiptaumsjón og upplýsingatækni.
- Sviðið fyrirtækjaráðgjöf heitir nú fyrirtækjaþjónusta og sinnir tvíþættu hlutverki, þ.e. hefðbundinni fyrirtækjaráðgjöf og umsjón með úrvinnslumálum yfirskuldsettra fyrirtækja (fjárhagslegri endurskipulagningu).

- Mikil breyting hefur orðið á stjórnendateymi bankans. Margir framkvæmdastjórar og forstöðumenn hafa hætt störfum. Þannig starfa nú eingöngu tveir af ellefu framkvæmdastjórum sem áður störfuðu hjá Kaupþingi banka.

Áhættu- og útlánastýring

- Vorið 2009 vann ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman ítarlega rannsókn á áhættustýringu Arion banka fyrir Fjármálaeftirlitið og skilaði á miðju sumri 2009 greinargerð um þá meginþætti sem þörfuðust úrbóta.
- Skerpt hefur verið á ábyrgð áhættustýringar með skipulagsbreytingum.
- Útlánareglur bankans voru endurskoðaðar með þátttöku áhættustýringar. Heimildir til útlána og afskrifta voru endurskoðaðar.
- Fundir lánanefndar hafa verið færðir í staðlaðra form og skerpt hefur verið á aðkomu áhættustýringar að fundum.
- Stofnuð hefur verið staða lánastjóra áhættustýringar sem ætlað er að bæta enn frekar úr eftirliti með nýjum lánveitingum og þegar veittum lánum.
- Heimildir markaðsviðskipta til framvirkra viðskipta með verðbréf hafa verið þrengdar, tryggingarkröfur hertar og verkferlar bættir.
- Áhættustýring hefur stuðlað að ýmsum breytingum í upplýsingakerfum sem bæta munu gæði gagna og auðvelda gagnaaðgengi. Markmið breytinganna er að bæta upplýsingagjöf til stjórnenda og efla áhættugreiningu á þeim sviðum sem mikilvægust eru fyrir bankann í breyttri mynd.

Regluvarsla og innri endurskoðun

- Bankastjóri hefur endurskoðað og staðfest nýja reglubók bankans (Internal Control and Procedural Handbook).
- Starfsemi innri endurskoðunar hefur verið styrkt með því að fjölga starfsfólki deildarinnar um tvo en þeir voru átta í október 2008 og eru nú tíu.
- Stjórn og endurskoðunarnefnd bankans hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi innri endurskoðunar í innra eftirlitskerfi.
- Af hálfu bankastjóra hefur verið lögð áhersla á úrbótaferli vegna athugasemda sem fram koma við skoðanir innri endurskoðunar.
- Regluvarslan er sjálfstæðari en áður og heyrir beint undir bankastjóra.
- Meira og skipulagðara eftirlit er viðhaft af hálfu regluvörslu. Regluvörður gerir nú reglulega skýrslur fyrir bankastjóra og stjórn bankans og fundar mánaðarlega með bankastjóra.
- Fræðsla og eftirfylgni til starfsmanna hefur verið eflað, m.a. með netþrófum.

Almennt

- Ráðinn hefur verið umboðsmaður viðskiptavina sem heyrir beint undir stjórn bankans.

3.1.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutföll

Bankasýsla ríkisins óskaði eftir því að fá upplýsingar um jafnréttisstefnu bankans og fylgja þær hér á eftir í samandregnu formi. Þá var óskað eftir upplýsingum um kynjahlutföll helstu stjórnenda. Með það að markmiði að hafa upplýsingarnar samanburðarhæfar milli banka eru einungis birtar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnarmanna og þeirra stjórnenda bankans sem skipurit nær yfir.

Jafnréttisnefnd innan Arion banka hefur verið falin gerð jafnréttisáætlunar. Verkefnum jafnréttisnefndar er skipt upp í átta efnisflokkar: (1) launajafnrétti, (2) jafnrétti í nefndum, (3) laus störf, (4) vinnuhópar, (5) starfsþjálfun og endurmenntun, (6) jafnréttisfræðsla, (7) samræming fjölskyldu- og atvinnulífs og (8) einelti og kynbundin/kynferðisleg áreitni.

- Jafnréttisáætlun ber að endurskoða á þriggja ára fresti. Jafnréttisnefnd skal skipuð fimm fulltrúum úr röðum starfsfólks til tveggja ára í senn. Trúnaðarmannaráð starfsfólks skipar tvo fulltrúa og bankinn skipar þrjá fulltrúa.
- Jafnréttisnefnd vinnur í umboði bankastjóra. Jafnréttisnefnd ber ábyrgð á gerð jafnréttisáætlunar, framgangi hennar og eftirfylgni. Jafnréttisáætlun skal staðfest af bankastjóra og kynnt stjórn bankans. Jafnréttisáætlun skal send til Jafnréttisstofu sem og þær breytingar sem kunna að verða á áætluninni á því þriggja ára tímabili sem líður, áður en kemur að endurskoðun áætlunarinnar.
- Jafnréttisnefnd skal fylgjast með því sem gerist á sviði jafnréttismála almennt og endurskoða jafnréttisáætlun með tilliti til þeirra breytinga sem kunna að verða á löggjöf sem og vegna breytinga af öðrum ástæðum. Jafnréttisnefnd er tengiliður bankans við Jafnréttisstofu. Jafnréttisnefnd setur sér það markmið að hafa innan þriggja ára unnið til þess að vera tilnefnd til jafnréttisverðlauna.
- Jafnréttisnefnd bankans ber ábyrgð á gerð jafnréttisáætlunar. Framkvæmd hennar er á ábyrgð þar til greindra sviða innan bankans, framkvæmdastjóra, forstöðumanna eða annarra stjórnenda sem við á í samvinnu við jafnréttisnefnd.
- Jafnréttisnefnd setur tímamörk á hvert verkefni um sig og einu sinni á ári ber henni að gera stjórnendum grein fyrir því hvað hefur áunnist.

Tafla 2: Kynjahlutföll stjórnenda Arion banka

Arion banki – kynjahlutföll stjórnenda ¹					
	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	4	2	6	67%	33%
Bankastjóri	1	0	1	100%	0%
Yfirstjórn*	6	9	15	40%	60%
Samtals	11	11	22	50%	50%

*Starfsmenn sem fram koma á skipuriti, maí 2010

3.2. Íslandsbanki

3.2.1. Fjármögnun

Bankasýsla ríkisins fer með 5% hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka hf.

Íslandsbanki var stofnaður á grunni neyðarlaganna í október 2008 til að halda utan um innlendar innstæður og meirihluta íslenskra eigna Glitnis. Bankinn var alfarið í eigu ríkisins fram til október 2009 er ríkið komst að samkomulagi við skilanefnd Glitnis um að Glitnir banki eignaðist 95% eignarhlut í bankanum. Samkomulagið var gegn niðurfellingu skulda Íslandsbanka við Glitni og að eiginfjárframlag ríkisins gengi til baka að mestu en að ríkið ætti áfram um 5% af hlutafé bankans eða 500 milljónir kr. að nafnvirði. Ríkið veitti bankanum stuðning við eiginfjár- og lausafjárstöðu bankans meðal annars í formi víkjandi láns að fjárhæð 25 milljarðar kr.

ISB Holding ehf., dótturfélag Glitnis banka, var stofnað að kröfu Fjármálaeftirlitsins til að fara með eignarhlut Glitnis í Íslandsbanka.

¹ Stuðst var við upplýsingar birtar á heimasíðu bankans þann 31. maí 2010.

Tafla 3: Fjárframlag ríkisins til Íslandsbanka hf.

Íslandsbanki hf.			
Eignarhlutur ríkis		5%	
Nafnverð hlutafjár		10 ma.kr.	
Nafnverð hlutafjár ríkis		0,5 ma.kr.	
Nafnverð hlutafjár ISB holding		9,5 ma.kr.	
Yfirverðsreikningur hlutafjár		55 ma.kr.	
Fjárframlag ríkisins*		28,25 ma. kr.	
Hlutafé ríkisins		3,25 ma. kr.	
Víkjandi lán		25 ma.kr.	
(m.kr.)	31.12.2009	31.12.2008	
Heildareignir	717.342 kr.	658.003 kr.	
Eigið fé	92.103 kr.	68.030 kr.	
Eiginfjárgrunnur	19,8%	13,4%	
Eiginfjárbáttur A (Tier I)	15,6%	13,4%	
Eiginfjárbáttur B (Tier II)	4,2%	0,0%	

***Fjárframlag:** Greitt var fyrir hlutafé í tveimur hlutum:

- Greitt var með reiðufé að upphæð 775 milljónir kr. fyrir hlutafé á genginu 1.
- Greitt var með ríkisskuldabréfi að nafnvirði 64.225 milljónir kr. fyrir hlutafé á genginu 6,96. Í október 2009 samþykkti skilanevnd Glitnis að Glitnir banki (ISB Holding) eignaðist 95% hlutafjár gegn eftirgjöf skulda. Við það féll skuldbinding ríkisins vegna hlutafjárframlags í formi ríkisskuldabréfs að fullu niður.


Víkjandi lán í evrum útgefið að fjárhæð 25 milljarðar króna á útgáfudegi eða jafngildi um 4% af eiginfjárbætti B (Tier II) til styrktar eiginfjárlutfalli. Gjaldlagi bréfsins er 31.12.2019.

Samtals nemur því fjárbinding ríkisins 28,5 ma. kr.

3.2.2. Skipurit

Mynd 2: Skipurit Íslandsbanka

Íslandsbanki veitir alhliða fjármálaþjónustu og er starfsemi skipt upp í sex svið, fjögur tekjusvið; viðskiptabankasvið, eignastýringu, fyrirtækjasvið, fjárstýringu og markaðsviðskipti, og tvö stoðsvið; fjármál og rekstur og áhættustýringu og útlánaeftirlit. Starfsmenn bankans voru um 900 á árinu 2009.



Stjórn	Varamenn
Fríðrik Sophusson, stjórnarformaður	Anna Skúladóttir
John E. Mack, varaformaður	Guðmundur Ragnar Jónsson
Neil Graeme Brown	María Guðrún Sigurðardóttir
Martha Eiríksdóttir	Katrín Ólafsdóttir
Árni Tómasson	Eiríkur Hilmarsson
Raymond J. Quinlan	Baldur Pétursson
Marianne Økland	Þórdís Bjarnadóttir

Endurskoðandi Deloitte hf.

Höfuðstöðvar Kirkjusandur 2, 155-Reykjavík

3.2.3. Aðgerðir frá hruni

Bankinn er byggður á grunni innlendrar starfsemi Glitnis banka. Ljóst er að nýju bönkunum þremur er nauðsynlegt að draga lærdóm af því sem miður fór í starfsemi bankanna fyrir hrun. Vinna þarf að nauðsynlegum breytingum til að starfsemin ná því marki að njóta trausts og trúverðugleika á ný. Þá er ljóst að mikil breyting hefur orðið á eðli og umfangi verkefna bankans. Meðal annars má nefna að starfsemin er nú nær eingöngu á innanlandsmarkaði og mikill tími fer í úrvinnslu skuldamála og endurskipulagningu lána. Af ofangreindu er ljóst að umtalsverðrar endurskipulagningar er þörf. Í ljósi þess óskaði Bankasýslan eftir því að fá svör við því til hvaða aðgerða hefði verið gripið frá hruni. Eftirfarandi er samantekt á svörum frá Íslandsbanka.

Áhættu- og útlánastýring

- Reglur um lán til tengdra aðila hafa verið hertar
- Samþykki lánveitinga milli funda áhættunefnda afnumdar
- Erlend lán eingöngu veitt gegn tekjum í erlendri mynt
- Bankinn veitir ekki í dag lán gegn veði í hlutabréfum
- Samræmd framsetning lánamála
- Lánaferlar endurskoðaðir, aukin skjalfesting ferla og ákvarðana
- Stofnun og uppsetning á Markaðseftirliti
- Vörusamþykktarferli sett upp
- Áhættuflokkar uppfærðir

Regluvarsla

- Regluvarsla sjálfstæð – heyrir beint undir bankastjóra
- Starfsfólki fjölgað verulega

Eignastýring og sjóðir

- Óháðir aðilar í stjórn Íslandssjóða í meirihluta
- Áhættunefnd Eignastýringar stofnuð
- Áhættunefnd Íslandssjóða stofnuð
- Innleiðingu verkferla og nýs regluverks lokið
- Áhættustýring tvíefld – áhættustjóri ráðinn
- Nýtt nafn sjóðafyrirtækis – aukið sjálfstæði

Almennt

- Gagnsæi aukið
 1. Opin sölufarli
 2. Regluverk birt á vefnum
- Eignarhaldsfélagið Miðengi stofnað
- Gæðastjóri ráðinn og gæðanefnd stofnuð
- Uppbygging á vöruhúsi gagna

3.2.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutfall

Bankasýsla ríkisins óskaði eftir því að fá upplýsingar um jafnréttisstefnu bankans. Þá var óskað eftir upplýsingum um kynjahlutföll helstu stjórnenda. Með það að markmiði að hafa upplýsingarnar samanburðarhæfar milli banka eru einungis birtar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnarmanna og þeirra stjórnenda bankans sem skipurit nær yfir.

Bankinn hefur innleitt og framfylgir jafnréttisstefnu sem er hluti af starfsmannastefnu bankans.

Tafla 4: Kynjahlutföll stjórnenda Íslandsbanka

Íslandsbanki – kynjahlutföll stjórnenda ²					
	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	5	2	7	71%	29%
Bankastjóri	0	1	1	0%	100%
Yfirstjórn*	8	3	11	73%	27%
Samtals	13	6	19	68%	32%

*Starfsmenn sem fram koma á skipuriti, maí 2010

3.3. NBI hf. – Landsbankinn

3.3.1. Fjármögnun

Bankasýsla ríkisins fer með 81,3% hlut ríkissjóðs í NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“).

Landsbankinn var stofnaður á grunni neyðarlaganna í október 2008 til að halda utan um innlendar innstæður og meirihluta íslenskra eigna Landsbanka Íslands hf. Bankinn er 81,33% í eigu ríkisins og 18,67% í eigu Landsskila ehf., dótturfélags Landsbanka Íslands sem stofnað var að kröfu Fjármálaeftirlitsins til að fara með eignarhlut gamla bankans í Landsbankanum (NBI). Eiginfjárframlag ríkisins nemur 122 milljörðum króna sem var annars vegar greitt með reiðufé að fjárhæð 775 milljónir kr. og með skuldabréfi að fjárhæð 121.225 milljónir króna.

Tafla 5: Fjárframlag ríkisins til NBI hf. (Landsbankans)


NBI hf. – Landsbankinn		
Eignarhlutur ríkis	81,33%	*Fjárframlag: Greitt var fyrir hlutafé í tveimur hlutum:
Nafnverð hlutafjár	24 ma.kr.	1. Greitt var með reiðufé að fjárhæð 775 milljónir kr. fyrir hlutafé á genginu 1.
Nafnverð hlutafjár ríkis	19,5 ma.kr.	2. Greitt var með ríkisskuldabréfi að nafnvirði 121.225 milljónir kr. fyrir hlutafé á genginu 6,47.
Nafnverð hlutafjár Landsskil	4,5 ma.kr.	
Yfirverðsreikningur hlutafjár	126 ma.kr.	
Fjárframlag ríkisins*	122 ma. kr.	Samtals nemur því fjárbinding ríkisins um 122 ma.kr.
Hlutafé ríkisins	122 ma. kr.	
(m.kr.)	31.12.2009	31.12.2008
Heildareignir	1.061.101 kr.	1.037.391 kr.
Eigið fé	157.592 kr.	143.285 kr.
Eiginfjárgrunnur	15,2%	13,1%
Eiginfjárþáttur A (Tier I)	15,2%	13,1%
Eiginfjárþáttur B (Tier II)	0,0%	0,0%

3.3.2. Skipurit

Landsbankinn veitir alhliða fjármálaþjónustu og er starfseminni skipt upp í sjö svið, þrjú tekjusvið; viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið, fjárstýringu og markaði, og fjögur stoðsvið; fjármálasvið, rekstrar-svið, lögfræðisvið og starfsmannasvið. Starfsmenn bankans voru um 1160 árið 2009.

² Stuðst var við upplýsingar birtar á heimasíðu bankans þann 31. maí 2010.

Mynd 3: Skipurit Landsbanka



Stjórn	Varamenn
Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður	Andri Geir Arinbjarnarson,
Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður	Guðrún Ragnarsdóttir
Guðriður Ólafsdóttir	Jón Sigurðsson
Þórdís Ingadóttir	Einar Jónsson
Lárentínus Kristjánsson	

Endurskoðandi KPMG hf.

Höfuðstöðvar Austurstæti 11, 155-Reykjavík

3.3.3. Aðgerðir frá hruni

Bankinn er byggður á grunni innlendrar starfsemi Landsbanka Íslands. Ljóst er að nýju bönkunum þremur er nauðsynlegt að draga lærdóm af því sem miður fór í starfsemi bankanna fyrir hrun. Vinna þarf að nauðsynlegum breytingum til að starfsemin ná því marki að njóta trausts og trúverðugleika á ný. Þá er ljóst að mikil breyting hefur orðið á eðli og umfangi verkefna bankans. Meðal annars má nefna að starfsemin er nú nær eingöngu á innanlandsmarkaði og mikill tími fer í úrvinnslu skuldamála og endurskipulagningu lána. Af ofangreindu er ljóst að umtalsverðar endurskipulagningar er þörf. Í ljósi þess óskaði Bankasýslan eftir því að fá svör við því til hvaða aðgerða hefði verið gripið frá hruni. Eftirfarandi er samantekt á svörum frá Landsbankanum.

Skipulag

- Framkvæmdastjórum hefur verið fækkað og ábyrgðarsvið þeirra skýrð.
- Mikil breyting hefur orðið á stjórnendateymi bankans. Margir framkvæmdastjórar og forstöðumenn sem störfuðu hjá forvera bankans hafa hætt störfum. Þannig starfa nú aðeins þrjú af tíu framkvæmdastjórum sem áður störfuðu hjá Landsbanka Íslands hf.
- Einkabankasvið, eignastýringarsvið, alþjóðasvið og verðbréfasvið hafa verið lögð niður og felld undir aðra starfsemi. Þá var hluti lögfræðisviðs sameinað upplýsingatækisviði sem heitir nú rekstrarsvið.
- Fjármálasvið: Nýtt svið var stofnað um fjárhagsdeild, reikningshald, fjárstýringu og verðbréfa-starfsemi sem færðist að hluta undir sviðið fjárstýringu og markaði í byrjun árs 2010. Undir Fjármálasviðið heyrir nú reikningshald, fjárhagsdeild og áætlanagerð.
- Fjárstýring og Markaðir: Helstu verkefni sviðsins eru að annast stýringu lausafjár bankans og annast markaðsviðskipti. Einnig fellur undir sviðið fyrirtækjaráðgjöf bankans sem meðal annars annast sölu á þeim fyrirtækjum sem lenda tímabundið í eigu Landsbankans.

- Fyrirtækjasvið: Er með nokkuð svipuðu sniði og áður en til viðbótar hefur verið stofnuð ný eining sem kallast fyrirtækjapróun sem annast m.a. endurskipulagningu skuldsettra fyrirtækja.
- Viðskiptabankasvið: Annast umsjón viðskipta við einstaklinga og þjónustu við útibú auk markaðs- og vefmála og einkabankþjónustu. Viðskiptabankasvið tók yfir hluta verkefna sem áður höfðu verið á lögfræðisviði og snúa að þjónustu við útibúanet bankans.
- Lögfræðisvið: Annast meðal annars lögfræðiráðgjöf fyrir bankann. Lögfræðinniheimta er starfrækt á sviðinu og úrvinnsla sértækra útlána.
- Starfsmannasvið sinnir sömu verkum og áður en til viðbótar komu verkefni eignadeildar og skjalastjórnunar.
- Rekstrarsvið: Byggt á grunni upplýsingatæknisviðs sem lagt var niður og því tilheyra tölvu- og tæknimál, bakvinnsla höfuðstöðva og miðvinnsla fyrir útibúanet bankans sem fluttist frá lögfræðisviði.
- Komið hefur verið á fót nýskipan á fjármálasviði með það að markmiði að auka áherslu á áætlanagerð og sérstök deild hefur verið stofnuð um hana.

Áhættu- og útlánastýring

- Áhættustýring bankans sinnir útlánaeftirliti, markaðsáhættu, lausafjánhættu og rekstraráhættu. Deildin hefur verið eflað og nýr yfirmaður ráðinn. Áhættustýring heyrir nú undir bankastjóra ólíkt því sem áður var þegar hún tilheyrði tveimur stoðsviðum bankans.
- Áhættunefnd var stofnuð og tók til starfa í mars 2009.
- Nýjar útlánareglur voru samþykktar í apríl 2009.
- Útlánaheimildir allra starfsmanna voru endurnýjaðar í maí 2009.
- Nýjar reglur um stórar áhættuskuldbindingar voru settar í ágúst 2009.
- Nýjar reglur um rekstraráhættu tóku gildi í október 2009.
- Nýjar markaðsáhættureglur verða til samþykktar í desember 2010.

Regluvarsla og innri endurskoðun

- Regluvörður bankans heyrir nú beint undir bankastjóra en var áður hluti af lögfræðisviði. Með þessu hefur regluvörður verið gerður sjálfstæðari í störfum sínum. Þá hefur verið tryggt betra upplýsingaflæði til regluvarðar.
- Regluverkið í heild hefur verið endurrunnið og er í frekari endurskoðun en nýjar almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs þar sem fram kemur áhættuvilji Landsbankans voru samþykktar af bankaráði í febrúar 2010.
- Innri endurskoðun hefur verið eflað og nýr yfirmaður fer fyrir starfseminni.

Almennt

- Settar hafa verið á stofn deildir til að takast á við sértækan skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga.
- Umboðsmaður viðskiptavina hefur tekið til starfa. Hann er ráðinn af bankaráði en heyrir beint undir bankastjóra.
- Hugmyndafræði bankans og stefna hefur verið endurskoðuð meðal annars af starfsmönnum í viðamikilli stefnumótunarvinnu.
- Samþykkt hefur verið að Landsbankinn skuli tryggja fyrir árslok 2013 að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40% í forystusveit bankans og dótturfélaga hans
- Tugir verkferla hafa verið endurskoðaðir og þeim breytt eða lagaðir að hertum kröfum og viðmiðunum.
- Dregið hefur verið úr vægi Alþjóðasviðs og viðskiptum með flóknari fjármálagerninga.

3.3.4. Jafnréttisstefna og kynjahlutföll

Bankasýsla ríkisins óskaði eftir því að fá upplýsingar um jafnréttisstefnu bankans og fylgja þær hér á eftir í samandregnu formi. Þá var óskað eftir upplýsingum um kynjahlutföll helstu stjórnenda. Með það að markmiði að hafa upplýsingarnar samanburðarhæfar milli banka eru einungis birtar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnarmanna og þeirra stjórnenda bankans sem skipurit nær yfir.

Landsbankinn hefur sett jafnréttisstefnu og skipað jafnréttisnefnd. Í jafnréttisstefnu segir m.a.:

- Launastefna, aðbúnaður og umhverfi í bankanum skal vera hið sama fyrir konur og karla. Starfsfólki skal hvorki mismunað á grundvelli kynferðis eða annarra þátta við ákvörðun launa og fríðinda né við úthlutun verkefna, tilfærslur í starfi eða uppsagnir.
- Leitast verður við að jafna möguleika kynjanna til að axla ábyrgð m.a. með setu í stjórnun, vinnuhópum og nefndum á vegum bankans.
- Einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan bankans. Starfsfólk sem verður fyrir slíku áreiti getur leitað til næsta yfirmanns, trúnaðarmanns, formanns starfsmannafélags og/eða framkvæmdastjóra starfsmannasviðs sem kanna málið og koma því í réttan farveg.
- Landsbankinn leggur áherslu á að hjá bankanum starfi fólk sem býr yfir faglegri þekkingu. Við símenntun og þróun í starfi skal þess gætt að allir hafi sömu tækifæri til náms og fræðslu
- Í Landsbankanum er starfandi jafnréttisnefnd. Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og í henni skulu sitja fjórir fulltrúar. Tveir eru tilnefndir af starfsmannafélagi bankans og tveir eru fulltrúar bankans, tilnefndir af framkvæmdastjóra starfsmannasviðs. Nefndin skiptir með sér verkum og velur sér formann.
- Landsbankinn leggur áherslu á að farið sé að lögum og reglum um jafnréttismál hverju sinni. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda sem snúa að jafnréttismálum og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnu bankans og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum og reglum um jafnrétti í bankanum.
- Jafnréttisstefna Landsbankans skal vera öllum starfsmönnum aðgengileg og hana skal endurskoða á a.m.k. tveggja ára fresti. Til að tryggja að farið sé að jafnréttislögum skal jafnréttisnefnd gera reglubundnar úttektir á þeim þáttum sem snúa að stefnu þessari.

Jafnréttisnefnd sem tók formlega til starfa 1. janúar 2010 er skipuð eftirtöldum aðilum til næstu tveggja ára:

- Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
- Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannasviði
- Helga Jónsdóttir, fulltrúi FSLÍ
- Andrés Erlingsson, fulltrúi FSLÍ

Stjórn bankans hefur markað þá stefnu að fjölga konum í stjórnunarstöðum innan bankans og í þeim fyrirtækjum sem undir hann heyra í minnst 40% fram til ársins 2013.

Tafla 6: Kynjahlutföll stjórnenda Landsbankans

Landsbankinn – kynjahlutföll stjórnenda ³					
	KK	KVK	Samtals	%KK	%KVK
Stjórn	2	3	5	40%	60%
Bankastjóri	1	0	1	100%	0%
Yfirstjórn*	10	3	13	77%	23%
Samtals	13	6	19	68%	32%

*Starfsmenn sem fram koma á skipuriti, maí 2010

³ Stuðst var við upplýsingar birtar á heimasíðu bankans þann 31. maí 2010.

4. Rekstur bankanna

4.1. Afkoma ársins 2009

Allir bankarnir þrír skiluðu hagnaði árið 2009 og nam hagnaður þeirra samtals 51 milljarði króna eftir skatt. Í **töflu 7** má sjá arðsemi bankanna þriggja. Íslandsbanki skilaði um 35% arðsemi, Arion banki tæplega 17% og Landsbankinn 10%.

Tafla 7: Arðsemi eigin fjár Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans árið 2009.

(m.kr.)	Arion banki	Íslandsbanki*	NBI
Eigið fé 31.12.2008	76.946 kr.	68.030 kr.	143.285 kr.
Hagnaður/(tap)	12.871 kr.	23.982 kr.	14.332 kr.
Arðsemi	16,7%	35,3%	10,0%

* Miðað við eigið fé 31.12.2008 var arðsemi Íslandsbanka 35,3% árið 2009. Bankinn hefur hins vegar kynnt arðsemi sína miðað við meðalstöðu eigin fjár en við það er arðsemi eigin fjár um 30%. Í töflunni hér er alls staðar notast við stöðu eigin fjár 31.12.2008 til að gæta samræmis.

Hafa verður í huga að uppgjör bankanna vegna ársins 2009 einkennast mjög af óreglulegum liðum sem stafa af uppgjöri nýju bankanna við þá gömlu. Stór hluti af tekjum bankanna á síðasta ári er vegna endurmats á bókfærðu virði útlána og krafna en eignir voru færðar yfir frá gömlu bönkunum til þeirra nýju með töluverðum „afslætti“ frá bókfærðu virði. Áhrif endurmats eigna á afkomu voru sérstaklega mikil hjá Landsbankanum (NBI) og Arion banka. Því til viðbótar höfðu breytingar á gengi gjaldmiðla umtalsverð áhrif á afkomu bankanna á árinu 2009. Gjaldeyrissveiflur höfðu jákvæð áhrif á afkomu Arion banka og Íslandsbanka, en neikvæð áhrif á afkomu Landsbankans (NBI). Því má segja að framangreindar arðsemis- og hagnaðartölur gefi ekki glögga mynd af arðsemi bankanna af því sem kalla má reglulegum rekstri eða kjarnastarfsemi.

Áhrifa endurmats eigna mun líklega gæta á uppgjör bankanna enn um sinn en hefur þó ekki áhrif á rekstur þeirra til lengri tíma litið. Miklu skiptir að unnt sé að átta sig á arðsemi af reglulegum rekstri til að unnt sé að sjá á hversu styrkum stoðum reglubundinn rekstur hvílir. Til að fá skýrari mynd af reglubundnum rekstri er í köflunum hér á eftir notast við hugtökin kjarnarekstur og reglulegur rekstur. Þau eru skilgreind með eftirfarandi hætti:

Kjarnarekstur

Hugtakið kjarnarekstur er hér á eftir notað um rekstur bankanna að frádregnum áhrifum af endurmati eigna, áhrifum af gjaldeyrissveiflum og eftir atvikum áhrifum af rekstri dótturfélaga í óskyldum rekstri. Reiknuð er kjarnaarðsemi og kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar. Það eru þær tölur sem hluthafar og stjórnendur þurfa að hafa í huga við mótun framtíðarrekstrar. Notast er við tölur úr birtum ársreikningum.

Reglulegur rekstur

Reglulegur rekstur (e. Core cost to income ratio)⁴. Reglulegur rekstur er skilgreindur þrengra en kjarnastarfsemi hér að ofan, þ.e. leiðrétt er fyrir endurmati eigna og áhrifum gjaldmiðilssveiflna eins og fyrr en einnig fyrir hagnaði af fjárfestingum og öðrum tekjum. Reglulegar tekjur (e. core income) eru því hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður (e. core cost) er skilgreindur sem laun og launatengd gjöld, stjórnunarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna.

⁴ Core cost to income = Core revenues/Core cost

Core revenues = Net interest income + Net commissions + Dividends

Core cost = Salaries and related expense + administration expense + depreciation and amortisation of property and intangible assets.

Deila má um hver sé grunnrekstur banka. Af þeim sökum hefur verið farin sú leið að setja fram tvær skilgreiningar sem voru taldar upp hér að framan. Segja má því að um sé að ræða efri og neðri mörk en mat á grunnrekstri er að einhverju leyti huglægt. Fyrri skilgreiningin er umtalsvert víðari en skilgreining reglulegs rekstrar er þrengri og er víða notuð við bankagreiningar.

Af hálfu Bankasýslunnar hefur verið farið yfir reikninga bankanna þriggja og gerð tilraun til að leiðrétta fyrir ofangreindum óreglulegum liðum. Ekki er vandalaust að framkvæma samanburð á reikningum bankanna þriggja þar sem þeir beita hver sinni aðferð við uppgjör og framsetningu. Tekið skal fram að einungis er um nálgun að ræða þar sem unnið var úr opinberum tölum í ársreikningum bankanna þriggja en sem fyrr segir eru þeir ekki vel fallnir til samanburðar. Sömu aðferðafræði er beitt til að gæta jafnræðis þegar leiðrétt er fyrir óreglulegum liðum. Þar sem notuð er sama aðferðafræðin við alla bankana takmarkast samanburðurinn þó við þann banka sem gefur minnstar upplýsingar.

Í köflunum sem hér fara á eftir verður leitast við að draga upp mynd af kjarnaarðsemi og afkomu reglulegs rekstrar í bönkunum þremur. Með þeim hætti er unnt að greina stöðu kjarnastarfsemi og draga ályktanir af því um þau verkefni sem fram undan eru í uppbyggingu og hagræðingu innan bankanna.

Þó að bankarnir þrír séu í sambærilegri starfsemi og hafi allir hafið starfsemi með svipuðum hætti á sama tíma eru reikningar þeirra ekki vel fallnir til samanburðar. Ítarlegust er upplýsingagjöfin hjá Arion banka en takmörkuðust hjá Íslandsbanka.

Þegar ársreikningar bankanna þriggja eru bornir saman er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Færsla endurmats eigna

Bankarnir færa virðisrýrnun og virðisaukningu eða endurmat vegna yfirtekinna eigna með mismunandi hætti í reikningum sínum. Landsbankinn færir hreina virðisbreytingu útlána og krafna vegna yfirtöku bankans á eignum Gamla Landsbankans inn í vaxtatekjur í rekstrarreikningi. Í tilfalli Íslandsbanka og Arion banka er verg virðisaukning útlána og krafna vegna yfirtöku lánasafna færð sem sérfærsla í rekstrarreikning. Mótfærsla vegna virðisrýrnunar á framangreindu eignasafni er færð inn í virðisrýrnun eigna og krafna (Impairment losses on financial assets) ásamt ýmsum öðrum færslum, s.s. virðisrýrnun nýrra útlána og sértæk virðisrýrnun t.d. vegna gjaldeyrissveiflna. Í tilfalli Íslandsbanka og Arion banka er því ekki hægt að átta sig á hver hrein áhrif af endurmati eigna voru á afkomuna þótt hægt sé að nálgast niðurstöðuna.

Uppgjör samninga við gömlu bankanna

Landsbankinn og Arion banki hafa báðir gert samninga við skilanefndir gömlu bankanna sem taka mið af virðisbreytingu tiltekinna sérgreindra eignasafna. Í tilfalli Landsbankans er um að ræða skilyrt skuldabréf útgefið af Landsbankanum til gamla Landsbanka Íslands. Hjá Arion banka er um að ræða kröfu bankans á Kaupþing sem getur lækkað ef endurmat eigna gefur tilefni til.

Gjaldeyrissveiflur höfðu jákvæð áhrif á Íslandsbanka og Arion banka en neikvæð áhrif á Landsbankann

Líkt og með endurmat eigna færir Landsbankinn aðeins hreinan gjaldeyrishagnað-(tap) í rekstrarreikning. Arion banki og Íslandsbanki færa vergan gjaldeyrishagnað-(tap) en bókfæra á móti í virðisrýrnun þann gjaldeyrishagnað sem skapast hefur af erlendum útlánnum viðskiptavina með tekjur í íslenskum krónum. Landsbankinn bókfærir aðeins hreint endurmat eigna og gjaldeyrishagnað (-tap) en í reikningum Arion banka og Íslandsbanka eru tvær vergar færslur. Þessi munur á uppgjörsaðferðum útskýrir af hverju virðisrýrnun lána og krafna Íslandsbanka og Arion banka er mun hærrí en Landsbankans í **töflu 14**.

Af bönkunum þremur höfðu gengissveiflur mest áhrif á afkomu Arion banka. Samtals höfðu gengissveiflur jákvæð áhrif á afkomu bankans um 10.250 m.kr. Á móti eru þó gjaldfærðar 1.535 m.kr. í virðisrýrnun vegna gjaldeyrishagnaðar af útlánum í erlendri mynt til viðskiptamanna sem hafa aðeins tekjur í íslenskum krónum. Samtals höfðu því gjaldeyrissveiflur jákvæð áhrif á afkomuna sem nemur 8.715 m.kr. Gengissveiflur höfðu jákvæð áhrif á afkomu Íslandsbanka um sem nemur 2.945 m.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til mótfærslu í virðisrýrnun. Gjalddeyrissveiflur höfðu neikvæð áhrif á afkomu Landsbankans sem nemur 2.814 m.kr.

Verðbólga hafði jákvæð áhrif á afkomu Landsbankans og Íslandsbanka en neikvæð á Arion banka

Verðbólga hafði jákvæð áhrif á vaxtatekjur Landsbankans og Íslandsbanka. Verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um sem nemur 71,8 milljörðum króna í lok árs 2009, Íslandsbanka um 27 milljarða króna en jöfnuðurinn var hins vegar neikvæður um 14,7 milljarða króna í tilfalli Arion banka. Erfitt er hins vegar að gera sér nákvæmlega grein fyrir hver áhrif hás verðbólgu á síðasta ári hafði á afkomu bankanna þar sem aðeins er gefinn upp verðtryggingarjöfnuður í lok árs.

Dótturfélög í óskyldum rekstri talin með í rekstrarreikningi Arion banka

Rekstrartekjur og gjöld nokkurra dótturfélaga Arion banka sem eru í óskyldri starfsemi og eru tímabundið í eigu bankans eru færð inn í rekstrarreikningi bankans. Þessi háttur er ekki hafður á Íslandsbanka og Landsbanka.

Hæstur vaxtamunur hjá Íslandsbanka

Vaxtamunur bankanna var mjög misjafn á árinu 2009. Vaxtamunur Íslandsbanka var 4,7% en vaxtamunur var 1,7% hjá Arion banka og 1,4% hjá Landsbankanum. Við þessa útreikninga er notast við hreinar vaxtatekjur á móti meðalstöðu heildarfjármagns en í tilfalli Landsbankans er búið að leiðrétta fyrir virðisbreytingu útlána og krafna.⁵ Landsbankinn (NBI hf.) tók við hlutfallslega miklu af eignum frá Landsbanka Íslands hf. Töluverðan tíma tekur að endurskipuleggja útlánasöfn og ná jafnvægi milli útláns- og innlánsvaxta. Arion banki tók yfir öll innlán og skuldbindingar SPRON í byrjun árs 2009 sem hefur líkt og í tilfalli Landsbankans líklega tekið nokkra athygli frá grunnrekstrinum. Tvær framangreindar ástæður útskýra a.m.k. að hluta mikinn mun á vaxtamun Íslandsbanka annars vegar og Arion banka og Landsbankans hins vegar.

4.2. Arion banki

4.2.1. Kjarnarekstur Arion banka

Rekstrartekjur Arion banka árið 2009 námu 49.635 m.kr. en rekstrargjöld námu 34.228. m.kr. Eigið fé í árslok 2008 var 76.946 m.kr. Hagnaður af rekstri Arion banka árið 2009 nam 12.871 m.kr. og var arðsemi eigin fjár 16,7%.

Þegar skoðað er hver áhrif endurmats eigna og gjaldmiðilssveiflna voru á reksturinn árið 2009 má sjá að samkvæmt uppgjöri bankans var virðisaukning útlána og krafna 20.199 m.kr. Á móti er hins vegar bókfærð virðisrýrnun útlána og krafna sem nemur 11.474 m.kr. Virðisbreyting á skilyrtri kröfu vegna uppgjors milli Kaupþings banka og Arion banka nemur 10.556 m.kr. Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar nemur 10.250 m.kr.

⁵ Sá liður er færður beint inn í vaxtatekjur hjá Landsbankanum, ólíkt hinum tveimur, svo að leiðrétta þarf fyrir honum til að fá samanburðarhæfar tölur.

Meðtalin í rekstrartekjum og gjöldum Arion banka eru tekjur og gjöld dótturfélaga sem eru tíma-bundið í eigu bankans og eru í óskyldum rekstri. Rekstrartekjur þessara dótturfélaga nema 17.838 m.kr. og rekstrargjöld 15.686 m.kr. og er launakostnaður vegna þeirra 2.340 m.kr.

Þegar dregin hafa verið frá áhrif vegna dótturfélaga í tímabundinni eigu bankans, endurmats útlána og krafna og gjaldeyrissveiflna er hagnaður bankans 6.100 m.kr. og kjarnaarðsemi **7,9%**. Jákvæð áhrif endurmats eigna og gjaldeyrissveiflna á hagnað nema því **6.771 m.kr.** Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar er **69,3%**. Útreikninga á þessari nálgun að kjarnaarðsemi má sjá í **töflu 8** hér að neðan.

Tafla 8: Kjarnarekstur Arion banka

Kjarnarekstur Arion banka	2009
Rekstrartekjur samtals	49.635
Virðisaukning útlána og krafna	-20.199
Virðisrýrnun útlána og krafna	11.474
Virðisbreyting í skilyrtri kröfu	10.556
Rekstrartekjur dótturfélaga	-17.838
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar(-taps)	-10.250
Rekstrartekjur samtals	23.378
Rekstrargjöld	-34.228
Rekstrargjöld dótturfélaga	15.686
Launakostnaður v/dótturfélaga	2.340
Rekstrargjöld samtals	-16.202
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnareksturs</i>	<i>69,3%</i>
Hagnaður (tap) fyrir skatt	7.176
Hagnaður(tap) e. skatt	6.100
<i>Kjarnaarðsemi</i>	<i>7,9%</i>
Eigið fé 31.12.2008	76.946

Allar tölur í milljónum króna

4.2.2. Reglulegur rekstur

Kostnaðarhlutfall Arion banka miðað við heildarrekstrartekjur og heildarrekstrargjöld er **69%**. Vegna samanburðar við hina bankana tvo er þó nauðsynlegt að leiðrétta fyrir áhrifum þeirra dótturfélaga í óskyldum rekstri sem eru tímabundið í eigu bankans og eru meðtalin í heildarrekstrartekjum og -gjöldum. Eftir þá leiðréttingu er kostnaðarhlutfall Arion banka **59%** samanborið við 55% hjá Landsbankanum og 35,8% hjá Íslandsbanka.

Áhugavert er að skoða kostnaðarhlutfall af reglulegri starfsemi (e. Core cost to income ratio)⁶. Regluleg starfsemi er þá skilgreind þrengra en kjarnastarfsemi hér að ofan, þ.e. leiðrétt er fyrir endurmati eigna og áhrifum gjaldmiðilssveiflna eins og fyrr en einnig fyrir hagnaði af fjárfestingum, sjá útreikninga í **töflu 9**. Ef aðeins er tekið mið af tekjum af reglulegum rekstri, þ.e. vaxtatekjur og þjónustutekjur, og ekki horft til óreglulegra tekju- og kostnaðarliða er kostnaðarhlutfallið **81%**. Arðsemi reglulegs rekstrar er 3,8%. Sjá má útreikninga í **töflu 9**.

⁶ Core cost to income = Core revenues/Core cost

Core revenues = Net interest income + Net commissions + Dividends

Core cost = Salaries and related expense + administration expense + depreciation and amortisation of property and intangible assets.

Tafla 9: Reglulegur rekstur Arion banka.

Reglulegur rekstur Arion banka	2009
Hreinar vaxtatekjur	12.146
Hreinar þjónustutekjur	5.862
Samtals reglulegar tekjur	18.008
Laun og launatengd gjöld	-10.413
Launakostnaður v/dótturfélaga	2.340
Annar stjórnunarkostnaður	-5.317
Afskriftir rekstrarfjármuna	-1.161
Samtals reglulegar kostnaður	-14.551
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	81%
Hagnaður (tap) fyrir skatt	3.457
Hagnaður (tap) e. skatt	2.938
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	3,8%
Eigið fé 31.12.2008	76.946

Allar tölur í milljónum króna

4.3. Íslandsbanki

4.3.1. Kjarnarekstur Íslandsbanka

Rekstrartekjur Íslandsbanka árið 2009 námu 45.036 m.kr. en rekstrargjöld 16.113 m.kr. Eigið fé í árslok 2008 var 68.030 m.kr. Hagnaður af rekstri Íslandsbanka árið 2009 nam því 23.982 m.kr. og var arðsemi eigin fjár 35,3%.

Þegar skoðað er hver áhrif endurmats eigna og gjaldmiðilssveiflna voru á reksturinn árið 2009 má sjá að samkvæmt uppgjöri bankans var virðisaukning útlána og krafna 18.419 m.kr. og gjaldeyrishagnaður 10.852 m.kr. Á móti er hins vegar bókfærð virðisryrnun útlána og krafna að fjárhæð 26.326 m.kr. Endurmat útlána og krafna og gengissveiflur höfðu samkvæmt þessu jákvæð áhrif á hagnað bankans um sem nemur **1.901 m.kr.**

Rekstrartekjur bankans af reglubundinni starfsemi samkvæmt skilgreiningu hér að ofan eru 42.091 m.kr. og hagnaður eftir skatt 22.081 m.kr. Kjarnaarðsemi nemur þá **32,5%**. Kostnaðarhlutfall kjarna-rekstrar var **38,3%**. Útreikninga fyrir kjarnarekstur Íslandsbanka má sjá í **töflu 10.**

Eins og að ofan greinir er meðtalið í virðisryrnun m.a. virðisryrnun nýrra útlána og sértæk virðisryrnun því er ekki hægt að sjá hver hrein áhrif af endurmati eigna voru á afkomu Íslandsbanka og Arion banka. Jákvæð áhrif endurmats eigna eru því vantalin sem nemur virðisryrnun nýrra útlána og sértækra virðisryrnunar í þessari nálgun. Kjarnaarðsemi er því lítillega ofmetin hjá Íslandsbanka og einnig hjá Arion banka.

Tafla 10: Kjarnarekstur Íslandsbanka árið 2009

Kjarnarekstur Íslandsbanka	2009
Rekstrartekjur samtals	45.036
Virðisaukning útlána og krafna	-18.419
Virðisryrnun útlána og krafna	26.326
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar(-taps)	-10.852
Rekstrartekjur samtals	42.091
Rekstrargjöld samtals	-16.113
<i>Kostnaðarhlutfall kjarnareksturs</i>	38,3%
Hagnaður (tap) fyrir skatt	25.978
Hagnaður (tap) e. skatt	22.081
<i>Kjarnaarðsemi</i>	32,5%
Eigið fé 31.12.2008	68.030

Allar tölur í milljónum króna

4.3.2. Reglulegur rekstur

Kostnaðarhlutfall Íslandsbanka er 35,8% ef litið er á heildarrekkstrartekjur bankans sem námu 45.036 m. kr. og heildarrekkstrargjöld sem námu 16.113 m.kr. Ef aðeins er litið á tekjur af reglulegum rekstri, þ.e. vaxtatekjur og þjónustutekjur, og ekki horft til annarra tekna, s.s. endurmats eigna, hagnaðar af gengisbreytingum gjaldmiðla og hagnaðar af fjárfestingu, er kostnaðarhlutfallið **41,3%**. Sjá má útreikninga í **töflu 11**.

Tafla 11: Reglulegur rekstur Íslandsbanka

Reglulegur rekstur Íslandsbanka	2009
Hreinar vaxtatekjur	31.984
Hreinar þjónustutekjur	7.061
Samtals reglulegar tekjur	39.045
Laun -og launatengd gjöld	-8.036
Annar kostnaður	-8.077
Samtals reglulegar kostnaður	-16.113
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	41,3%
Hagnaður (tap) fyrir skatt	22.932
Hagnaður (tap) e. skatt	19.492
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	28,7%
Eigið fé 31.12.2008	68.030

Allar tölur í milljónum króna

4.4. Landsbankinn

4.4.1. Kjarnarekstur Landsbankans

Rekstrartekjur Landsbankans árið 2009 námu 30.725 m.kr., en rekstrargjöld námu 16.854. m.kr. Eigið fé í árslok 2008 var 143.285 m.kr. Hagnaður af rekstri Landsbankans árið 2009 nam 14.332 m.kr. og var arðsemi eigin fjár 10%.

Þegar skoðað er hver áhrif endurmats eigna voru á reksturinn árið 2009 má sjá að samkvæmt uppgjöri bankans var hrein virðisbreyting útlána og krafna 23.772 m.kr. sem færðar voru með vaxtatekjum. Virðisrýrnun útlána og krafna nam 6.577 m.kr. Í vaxtagjöldum eru færsla að fjárhæð 10.241 m.kr. vegna skilyrts skuldabréfs við Landsskil, það er hlutur gamla Landsbanka Íslands í virðisbreytingu sérgreinds hluta útlána og krafna.

Ólíkt Íslandsbanka og Arion banka höfðu gengissveiflur neikvæð áhrif á rekstur Landsbankans.

Þegar tillit hefur verið tekið til framangreindra færslna er hagnaður bankans samkvæmt þessari nálgun lægri um sem nemur **5.173 m.kr.** Hagnaður eftir skatt nemur samkvæmt þessu 9.159 m.kr. og kjarnaarðsemi **6,4%**. Kostnaðarlutfall reglulegs rekstrar nam **59,5%**. Útreikninga á þessari nálgun að kjarnaarðsemi má sjá í **töflu 12** hér að neðan.

Tafla 12: Kjarnarekstur Landsbankans

Kjarnarekstur Landsbankans	2009
Rekstrartekjur samtals	30.725
Virðisaukning útlána og krafna	-23.772
Virðisrýrnun útlána og krafna	6.577
Virðisbreyting í skilyrtu skuldabréfi	10.241
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar(-taps)	2.814
Rekstrartekjur samtals	26.585
Rekstrargjöld	-16.854
Einskiptiskostnaður v/yfirtöku	1.044
Rekstrargjöld samtals	-15.810
<i>Kostnaðarlutfall kjarnareksturs</i>	59,5%
Hagnaður (tap) fyrir skatt	10.775
Hagnaður (tap) e. skatt	9.159
Kjarnaarðsemi	6,4%
Eigið fé 31.12.2008	143.285

Allar tölur í milljónum króna

4.4.2. Reglulegur rekstur

Kostnaðarlutfall Landsbankans er **55%** ef litið er á heildarrekstrartekjur bankans sem námu 30.725 m. kr. og heildarrekstrargjöld sem námu 16.854 m.kr. Ef aðeins er litið á tekjur af reglulegum rekstri þ.e. vaxtatekjur og þjónustutekjur og ekki er horft til óreglulegra tekju- og kostnaðarliða er kostnaðarlutfallið **79%**. Arðsemi reglulegs rekstrar var **2,4%**. Sjá má útreikninga í **töflu 13**.

Tafla 13: Reglulegur rekstur Landsbankans


Reglulegur rekstur Landsbankans	2009
Hreinar vaxtatekjur	28.105
Hreinar þjónustutekjur	4.213
Virðisaukning á virði útlána og krafna	-23.772
Virðisbreyting í skilyrtu skuldabréfi	10.241
Samtals reglulegar tekjur	18.787
Laun og launatengd gjöld	-8.468
Annar stjórnunarkostnaður	-6.064
Afskriftir rekstrarfjármuna	-1.278
Einskiptiskostnaður v/yfirtöku	1.044
Samtals reglulegur kostnaður	-14.766
<i>Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar</i>	<i>79%</i>
Hagnaður (tap) fyrir skatt	4.021
Hagnaður (tap) e. skatt	3.418
<i>Arðsemi reglulegs rekstrar</i>	<i>2,4%</i>
Eigið fé 31.12.2008	143.285


Allar tölur í milljónum króna

4.5. Rekstrarniðurstöður bankanna og arðsemiskrafa hluthafa

4.5.1. Rekstrarniðurstöður bankanna


Af framangreindri samantekt má ráða að rekstrarniðurstöður bankanna samkvæmt ársreikningi segja ekki alla söguna. Samkvæmt útreikningum á kjarnaarðsemi, eins og hún er skilgreind hér, skilaði aðeins einn af þremur bönkum viðunandi arðsemi og kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar (e. Core cost to income ratio) er sömuleiðis allt of hátt í tveimur þeirra, sjá mynd 4 og 5. Litlu skiptir hvort notast er við þrengri eða víðari skilgreiningu á grunnrekstri, sama meginniðurstaða fæst í báðum tilvikum.

Mynd 4: Arðsemi eigin fjár, kjarnaarðsemi og arðsemi reglulegs rekstrar

Mynd 5: Kostnaðarhlutfall, kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar og kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar**Tafla 14:** Helstu stærðir úr rekstrarreikningi í m.kr.

	Íslandsbanki	NBI	Arion banki
Hreinar vaxtatekjur	31.984 kr.	28.105 kr.	12.146 kr.
Hreinar þjónustutekjur	7.061 kr.	4.213 kr.	5.862 kr.
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	143 kr.	4.020 kr.	397 kr.
Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og -skuldum	142 kr.	2.876 kr.	1.240 kr.
Aðrar tekjur	2.760 kr.	902 kr.	21.201 kr.
Virðisaukning útlána og krafna	18.419 kr.	*	20.199 kr.
Virðisrýrnun útlána og krafna	-26.326 kr.	-6.577 kr.	-11.474 kr.
Gengishagnaður/tap	10.852 kr.	-2.814 kr.	10.250 kr.
Virðisbreyting v/skuldabréfs		*	-10.556 kr.
Hlutdeild hlutdeildarféлага			369 kr.
Rekstrartekjur samtals	45.036 kr.	30.725 kr.	49.635 kr.
Hagnaður/(tap)	23.982 kr.	14.322 kr.	12.871 kr.
Hagnaður/(tap) af kjarnarekstri	22.081 kr.	9.159 kr.	6.100 kr.
Áhrif virðisbreytingar og gjaldeyrissveiflna á hagnað	1.901 kr.	5.163 kr.	6.771 kr.
Hagnaður/(tap) af reglulegum rekstri	19.492 kr.	3.418 kr.	2.938 kr.
Mismunur á hagnaði og hagnaði af reglulegum rekstri	4.490 kr.	10.904 kr.	9.933 kr.

* Hrein virðisaukning útlána og krafna er færð undir vaxtatekjum og virðisbreyting á skuldabréfi undir vaxtagjöld í tilfalli Landsbankans.

Mynd 6: Samsetning reglulegra tekna bankanna

Rekstur bankanna byggir nú að stærstum hluta á þremur stoðum; endurmati eigna og gjaldeyris-hagnaði, viðskiptabankastarfsemi og þóknunartekjum af eignastýringu. Stærsti og veigamesti tekju-pósturinn, endurmat eigna, er einungis til skamms tíma. Ef hans nyti ekki við væri rekstur tveggja af þremur stærstu bönkunum í járnnum. Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar gefur til kynna að bregðast þurfi við með breytingum á rekstri og draga úr kostnaði.

4.5.2. Fjárbinding íslenska ríkisins í bönkunum

Alls nemur fjárbinding ríkisins í bönkunum þremur um 190 milljörðum króna. Fjárframlag vegna hluta-fjár nemur rúmlega 135 milljörðum króna og tæpum 55 milljörðum króna vegna víkjandi lána, sjá töflu 15. Upphaflega var gert ráð fyrir að þessi fjárhæð yrði um 385 milljarðar króna en þá var reiknað með því að ríkið myndi eiga Landsbankann, Arion banka og Íslandsbanka að fullu.

Tafla 15 : Fjárframlag ríkisins til bankanna (í m.kr.)

Hlutfé ríkisins og veitt víkjandi lán í m.kr.					
Banki	Hlutfé nafnverð	Hlutfé	Hlutfé ríkisins	Hluttur ríkis	Víkjandi lán
Landsbankinn (NBI)	24.000 kr.	150.000 kr.	122.000 kr.	81,33%	
Arion banki	2.000 kr.	75.862 kr.	9.862 kr.	13%	29.500 kr.
Íslandsbanki	10.000 kr.	65.000 kr.	3.250 kr.	5%	25.000 kr.
Samtals	36.000 kr.	290.862 kr.	135.112 kr.		54.500 kr.

Í kjölfar stofnunar nýju bankanna gaf ríkið út skuldabréfaflokk, RIKH 18 1009, að fjárhæð 287 milljarðar króna til að mæta eiginfjárkröfum þeim sem Fjármálaeftirlitið gerði til nýju bankanna. Útgáfudagur skuldabréfaflokksins var 2. september 2009 og gjalddagi höfuðstóls og lokagjalddagi vaxta er 9. október 2018. Eftir að samningar tókust milli skilanevnda og ríkisins um aðkomu gömlu bankanna sem eignaraðila að bönkunum fékk ríkið endurgreiddan hluta af útgáfu flokksins. Vextir skuldabréfa-flokksins eru breytilegir og miðast við þá vexti sem eru á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum. Fyrsti vaxtadagur er 9. október 2008. Vextir greiðast eftir á og er fyrsti gjalddagi vaxta hinn 9. október 2009. Vextir fyrir tímabilið 9. október 2008 til og með 8. október 2009 eru 13,285%. Frá og með 9. október 2009 er vaxtatímabilið einn mánuður í senn, frá og með 9. hvers mánaðar til og með 8. næsta mánaðar á eftir. Vextir greiðast einu sinn í mánuði, eftir á og er því annar gjalddagi vaxta hinn 9. nóvember 2009. Meðalvextir skuldabréfaflokksins frá 1. janúar til 31. desember 2009 voru 12,3%.

4.5.3. Arðsemiskrafa hluthafa

Lágmarksarðsemiskrafa ríkisins hlýtur að taka mið af fjármagnskostnaði ríkisins af fjárskuldbindingu í bönkunum þremur að viðbættu álagi. Ríkissjóður gefur út ríkisbréf og ríkisvixla til fjármögnunar rekstri sínum. Meðalávöxtunarkrafa ríkisbréfs RIKB10-1210 á skuldabréfamarkaði var 8,25% árið 2009. Þá þarf að taka tillit til þeirrar áhættu sem fylgir bankarekstri til að mæta þeirri áhættu sem ríkið tekur á sig með fjárfestingu í bönkunum þremur.

Almennt er talið að sveiflur í bankarekstri séu svipaðar og í hagkerfinu í heild. Svokölluð beta sem mælir sveiflur í hlutabréfaverði einstakra hlutabréfa í samanburði við markaðinn er almennt í kringum 1 hjá bönkum, þ.e. sveiflur í verði banka eru svipaðar og hjá markaðnum í heild. Beta J.P. Morgan sem er banki í blönduðum rekstri er t.d. 1,16 og beta Goldman Sachs sem er fjárfestingarbanki 1,34. Söguleg gögn á tímabilinu frá 1928 til 2000 benda til þess að eðlilegt sé að gera kröfu um 6 til 8% ávöxtun á hlutabréfum umfram áhættulausa ríkisbréfavexti⁷. Eðlileg arðsemiskrafa fyrir banka í blönduðum rekstri væri samkvæmt því **15,25%** ef við gerum kröfu til þess að hlutafé skili um 7% ávöxtun umfram ríkisskuldabréf og að sveiflur í verði banka í blönduðum rekstri séu u.þ.b. þær sömu og markaðarins.

Norski bankinn DnB Nor setur sér markmið um 13% langtímaarðsemi⁸. DnB NOR er að hluta til (34% eignarhlutur) í eigu ríkisins líkt og íslensku bankarnir. Sú ávöxtunarkrafa sem gerð er til DnB NOR er nokkuð lægri en sú krafa sem sett er fram hér að ofan en vaxtastig í Noregi er að jafnaði þó nokkuð lægra en hér.

Endurskipulagning rekstrar bankanna eftir hrun er umfangsmikið og margþætt verkefni. Ljóst er að enn er mikið verk óunnið. Líklegt er að reglulegur rekstur bankanna batni er endurskipulagningu lánasafna er lokið að því gefnu að efnahagsaðstæður verða hagstæðari. Ljóst er þó að grípa verður til ráðstafana ef tryggja á að rekstur allra bankanna þriggja verði viðunandi.

Þrátt fyrir að fjárbinding íslenska ríkisins vegna endurreisnar bankanna þriggja sé umtalsvert lægri en gert var ráð fyrir í upphafi er um töluverða fjármuni að ræða. Sú fjárhæð sem ríkið hefur ráðstafað til endurreisnar bankanna er um 40% af áætluðum tekjum ríkisins á árinu 2010 og til samanburðar má nefna að þetta er nærri tvöföld sú fjárhæð sem ríkið áætlað að verja til reksturs heilbrigðiskerfisins á árinu 2010. Það skiptir því skattgreiðendum miklu máli að þessu fé sé vel ráðstafað og skili eins góðri ávöxtun og kostur er miðað við umfang og eðli rekstrarins sem fjárfest var í.

⁷ http://pages.stern.nyu.edu/~adamodar/New_Home_Page/valquestions/RiskPrem.htm

⁸ DnB NOR BANK, Annual Report 2009, bls 4.


5. Starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja

Mesti samdráttur í landsframleiðslu frá lýðveldisstofnun

Samdráttur í landsframleiðslu á síðasta ári nam 6,5%. Samdrátturinn var umtalsvert minni en fyrstu spár Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hljóðuðu upp á í byrjun árs 2009 þar sem spáð var um 10% samdrætti. Vissulega er fagnaðarefni að samdrátturinn skyldi aðeins verða 6,5%. Það er þó mesti samdráttur sem orðið hefur á lýðveldistímanum líkt og sjá má á mynd 7.

Í erlendri mynt var samdrátturinn jafnvel enn meiri en gengi krónunnar veiktist um 50% frá miðju ári 2008 fram á mitt ár 2010. Veiking krónunnar flýtti hins vegar mjög fyrir aðlögun hagkerfisins að breyttum veruleika í kjölfar bankahrunsins. Innflutningur erlendra neysluvara dróst mikið saman á sama tíma og samkeppnisstaða útflutnings- og framleiðslufyrirtækja batnaði umtalsvert. Ný tækifæri sköpuðust en önnur glötuðust. Mikill fjöldi starfa tapaðist í fjármálaþjónustu en stór hluti starfsemi gömlu bankanna á Íslandi fólst í þjónustu til erlendra útibúa og við erlenda lögaðila.


Mynd 7: Breyting í vergri landsframleiðslu frá 1946–2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Lítill eftirspurn eftir lánsfé


Ytra umhverfi var fjármálafyrirtækjum óhagstætt á síðasta ári. Stýrivextir Seðlabanka sem setja vaxta- viðmið voru háir fyrri hluta árs sem gerði fjármögnun bankakerfisins dýra. Stór hluti lánasafns nýju bankanna var í erlendum myntum en fjármögnunin var í upphafi ársins að miklu leyti innlend. Er samkomulag náðist seinni hluta árs milli skilanevnda gömlu bankanna, nýju bankanna og ríkisins minnkaði framgreint gjaldeyrismisvægi. Lítil eftirspurn eftir lánsfé vegna neikvæðra ytri aðstæðna í hagkerfinu og hárra vaxta dró einnig úr arðsemi. Nýútlán voru í lágmarki og af þeim sökum var erfitt að fá viðunandi ávöxtun á innlán.

Mynd 8: Stýrivextir Seðlabanka (Repo-vextir)

Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðlækkun á fasteignamarkaði

Mikil verðlækkun varð á fasteignamarkaði á árunum 2004 til 2008 en á mynd 9 má sjá hækkun raunverðs fasteigna frá árinu 1994. Fasteignaverð árið 2008 var nærri 120% hærra að raunvirði en árið 1994. Slík hækkun jafngildir um 7,2% raunhækkun að meðaltali á ári en til samanburðar óx kaupmáttur um 37% eða um 2,25% að meðaltali á ári yfir sama tímabil. Sífellt stærra hlutfall launa fór því í afborganir af húsnæði. Af framansögðu sést að mikil eignabóla hafði myndast á fasteignamarkaði sem gat ekki annað en sprungið. Frá lokum árs 2008 hefur fasteignaverð lækkað um 35% að raunvirði, m.ö.o. fasteignaverð íbúðar í dag er aðeins um 65% af því sem það var árið 2008. Lán fjármálastofnana til einstaklinga eru í flestum tilfellum með veði í fasteign og því ljóst að gæði lánasafna bankanna til einstaklinga hafa rýrnað mikið.

Mynd 9: Uppsöfnuð raunverðlækkun á húsnæði frá 1994


Heimild: Fasteignaskrá Íslands, Hagstofa Íslands

Hrun á hlutabréfamarkaði

Hlutabréfamarkaður á Íslandi hefur orðið fyrir mikilli ágjöf. Segja má að hann hafi nánast horfið í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Árið 2009 var velta með hlutabréf aðeins um 1,8% af heildarveltu á verðbréfamarkaði. Í byrjun árs 2008 voru 27 félög skráð á Aðallista Kauphallarinnar en þau eru aðeins 10

í dag. Úrvalsvisitalan (OMX-15) lækkað um 95,7% frá upphafi árs 2008 þar til hún var aflögð um mitt ár 2009 og ný úrvalsvisitala var stofnuð (OMX-6). Umtalsverður hluti útlána gömlu bankanna var til eignarhaldsfélaga. Fjárfestingar eignarhaldsfélaga voru bæði í skráðum og óskráðum hlutabréfum en ljóst er að hrun í Kauphöllinni hefur haft veruleg áhrif á gæði útlánasafns til eignarhaldsfélaga.

Mynd 10: Þróun Úrvalsvisítölu Kauphallarinnar (OMX-15) frá 2008 þar til hún var aflögð um mitt ár 2009




Heimild: Kauphöll Íslands

Líflegur skuldabréfamarkaður

Mikil velta og gengishækkunir einkenndu skuldabréfamarkað árið 2009. Nær öll velta á verðbréfamarkaði í fyrra var á skuldabréfamarkaði eða 98,2%. Veltan nam alls 5.450 milljónum króna eða nærri fjórfaldri landsframleiðslu. Mikil eftirspurn var eftir ríkistryggðum skuldabréfum en fáir aðrir fjárfestingarkostir standa til boða. Einnig var umhverfið hagfelld en miklar vaxtalækkunir á síðasta ári hvöttu fjárfesta til að festa sér vexti á skuldabréfamarkaði. Markaðsvegin skuldabréfavisitala Gamma hækkaði um 16,5% árið 2009 sem jafngildir 9,3% raunhækkun.

Mynd 11: Markaðshlutdeild stærstu aðila á skuldabréfamarkaði 2009




Heimild: Kauphöll Íslands

Störf í fjármálaþjónustu

Við þær miklu breytingar sem orðið hafa í rekstri fjármálafyrirtækja á Íslandi er ljóst að mörg störf tapast. Störf í fjármálaþjónustu eru almennt vel launuð og þau lönd sem hafa hvað hæsta landsframleiðslu á mann, líkt og Lúxemborg og Sviss, hafa jafnframt hæsta hlutfall starfandi fólks í fjármálaþjónustu (**sjá mynd 12 og 15**). Árið 2007 var landsframleiðsla á mann á Íslandi sú sjötta til sjöunda hæsta í heimi eða svipuð og í Sviss og Írlandi. Árið 2009 var landsframleiðsla á mann á Íslandi fimmtánda hæsta í heimi samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (**sjá mynd 12**). Komið gæti á óvart að fallið hafi ekki verið meira og að landsframleiðsla hér sé enn hærri en í Danmörku og Svíþjóð. Ástæða þess er sú að með falli krónunnar varð ódýrara að lifa á Íslandi í erlendri mynt en áður og því féll landsframleiðsla á mann leiðrétt fyrir kaupmætti ekki svo mikið.


Mynd 12: Alþjóðlegur samanburður á landsframleiðslu á mann í þús. dala árið 2009, leiðrétt fyrir kaupmætti



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Tafla 16: Laun og launatengd gjöld 2009

(m.kr.)	Íslandsbanki	NBI	Arion banki
Laun og launatengd gjöld	8.036 kr.	8.468 kr.	8.073 kr.
Meðalfjöldi starfsmanna árið 2009	899	1171	1131
Meðallaunakostnaður á starfsmann	8,9 kr.	7,2 kr.	7,1 kr.


Mynd 13: Laun og launatengd gjöld á starfsmann

Hlutfall starfandi í fjármálaþjónustu með því hæsta sem þekkist

Bankastörf tóku miklum breytingum með tilkomu tölvutækninnar. Hin hefðbundnu bankastörf líkt og gjaldkerastörf og ýmiss konar afgreiðslustörf voru leyst af hólmi með netbönkum eða annarri tölvutækni. Framangreind þróun leiddi hér á landi sem annars staðar til fækkunar útibúa og fækkunar hefðbundinna starfa í fjármálaþjónustu. Starfsfólk í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli var um 3,5% í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar en lækkaði niður í 3% um miðjan tíunda áratuginn.

Í kjölfar aukinna verðbréfavíðskipta og fjárfestingabankastarfsemi í byrjun aldarinnar fór hlutfallið upp í um 4%. Þetta hlutfall fór hratt vaxandi frá árinu 2006 og var komið í rúmlega 5% árið 2008. Ný starfsemi sem var að byggjast upp kallaði eftir aukinni menntun og sérhæfingu starfsfólks. Mikill fjöldi ungs fólks með háskólamenntun leitaði því í störf hjá bönkunum er fjárfestingabankastarfseminni óx fiskur um hrygg.


Ytra umhverfi fjármálafyrirtækja hefur tekið miklum stakkaskiptum frá bankahruni en lengri tíma tekur að breyta innviðum. Þrátt fyrir bankahrunið er hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli svipað og það var árið 2007 er stefnt var að því að gera Ísland að alþjóðlegri fjármála-miðstöð. Breyting á ytri aðstæðum íslenskra fjármálafyrirtækja gerðist svo að segja yfir nótt. Mun meiri tíma tekur fyrir fólk að öðlast sérfræðipækkingu og menntun á nýjum sviðum. Ljóst er að miðað við núverandi umsvif bankakerfisins er fjöldi starfsmanna mikill.

Mynd 14: Starfsfólk í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli 1991–2009

Heimild: Hagstofa Íslands

Í Evrópusambandinu starfa að meðaltali um 3% vinnuafli við fjármálaþjónustu. Hlutfallið er nokkuð lægra í Austur-Evrópu en hærra í Norður-Evrópu. Hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu á Íslandi er með því hæsta sem þekktist eða um 4,7%. Í Bretlandi, sem segja má að sé fjármálamíðstöð Evrópu, er hlutfallið 4,25% og 5,6% í bankalandinu Sviss. Hlutfall starfsfólks í fjármálaþjónustu er umtalsvert hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum og í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við.

Ljóst er að enn er töluvert verk óunnið við að aðlaga starfsemi fjármálafyrirtækja á Íslandi þeim breytingum sem hafa átt sér stað.

Mynd 15: Starfsfólk í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli 2009

Heimild: Eurostat og Hagstofa Íslands

Útgefandi:
Bankasýsla ríkisins
Borgartúni 3, 105 Reykjavík
Sími: 550-1700
Tölvupóstur: bankasysla@bankasysla.is
Veffang: www.bankasysla.is
Ritstjórn: Elin Jónsdóttir



